




ISAVIA

Árs- og samfélagsskýrsla
2016





ISAVIA



EFNISYFIRLIT

UM ISAVIA	4
ISAVIA Í SAMFÉLAGINU	22
ISAVIA OG UMHVERFIÐ	44
EFNAHAGUR ISAVIA	56

Hönnun og umbrot:
Hvíta húsið

Ljósmyndir af flugvöllum:
Mats Wibe Lund

Rafræna útgáfu ársskýrslunnar
er að finna á www.isavia.is/arsskyrsla



UM ISAVIA

- 6 — STARFSEMI ISAVIA
- 8 — ÁVARP FORSTJÓRA
- 10 — ÁVARP STJÓRNARFORMANNS
- 16 — STJÓRNARHÆTTIR
- 18 — FRAMKVÆMDARÁÐ

Isavia gefur nú í fyrsta skipti út árs- og samfélagsskýrslu. Markmiðið er að gefa dýpri mynd af starfsemi félagsins og áhrifum þess á samfélagið. Skýrslan fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI G4) ásamt sérákvæðum um starfsemi flugvalla.

Á næstu árum verður unnið enn frekar að því markmiði að efla sjálfbærni félagsins. Upplýsingar í skýrslunni miðast við árið 2016.

STARFSEMI ISAVIA



Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ERU TVÆR FLUGBRAUTIR SEM ERU 3.054 OG 3.065 METRAR AÐ LENGD.

Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI ERU TVÆR BRAUTIR, 1.567 OG 1.230 METRAR.

Á AKUREYRARFLUGVELLI ER EIN 2.400 METRA BRAUT OG Á EGILSSTAÐA-FLUGVELLI EIN BRAUT SEM ER 2.000 METRAR.

AÐRIR FLUGVELLIR OG LENDINGASTAÐIR Hafa 634 TIL 1.887 METRA LANGAR FLUGBRAUTIR.

HLUTVERK

Isavia er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Við vinnum saman að því að vera hluti af góðu ferðalagi innanlands sem utan.

GILDI


- Öryggi
- Samvinna
- Þjónusta

Isavia er opinbert hlutafélag sem annast rekstur, viðhald og uppbyggingu áætlunarflugvalla og landingarstaða á Íslandi. Auk þess veitir félagið flugleiðsöguþjónustu í innanlandsflugi og alþjóðaflugi yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi.

Kjarnastarfsemi félagsins er þrískipt: rekstur Keflavíkurflugvallar, flugleiðsöguþjónustu og rekstur annarra íslenskra flugvalla. Rekstrarskipan kjarnasviðanna er í eðli sínu mjög ólík. Keflavíkurflugvöllur er að fullu rekinn á viðskiptalegum forsendum sem þýðir að hann er sjálfbær. Rekstur annarra íslenskra flugvalla er ósjálfbær og grundvallast á samningi félagsins

við innanríkisráðuneytið sem ákvarðar þjónustustig þeirra, rekstur og viðhald. Framlag ríkisins nemur um 70% af heildartekjum þeirra. Rekstur flugleiðsögu í efra loftrými yfir Norður-Atlantshafi grundvallast á samningi við 24 ríki um þjónustu og fjármögnun sem byggir gjaldtöku á kostnaðargrunni.

Dótturfélög Isavia eru fjögur og hafa hvert um sig mismunandi tilgang. Fríhöfnin selur tollfrjálsan varning á Keflavíkurflugvelli, Tern Systems framleiðir hugbúnað fyrir flugleiðsögu, Domavia heldur utan um hluta af fasteignum Isavia og Suluk heldur utan um rekstur flugleiðsögu á Grænlandi.



Isavia rekur fjóra alþjóðaflugvelli: Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Auk þeirra eru tíu lendarstaðir fyrir reglubundið áætlunarflug innanlands. Félagið hefur einnig umsjón með 36 öðrum lendarstöðum um land allt.

ÁVARP FORSTJÓRA

ÁRIÐ 2016 VAR BESTA ÁR ISAVIA FRÁ STOFNUN FÉLAGSINS. ÁRANGURINN MÁ REKJA TIL MARGRA SAMVERKANDI ÞÁTTA EN ÖLL KJARNASVIÐ FÉLAGSINS SÝNDU BETRI ÁRANGUR EN ÁRIÐ Á UNÐAN.



Snemma árs var ásjúnd Isavia samræmd undir einu merki sem var gríðarstór áfangi. Fram að þeim tíma hafði starfsemin í raun verið rekin undir tveimur vörumerkjum, annars vegar merki Keflavíkurflugvallar og hins vegar Isavia. Kostir sameiginlegrar ásjúndar eru margir og er nú til dæmis hægara um vik að markaðssetja millilandaflugvöllina, Keflavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, saman. Þannig mun mikið og árangursríkt markaðsstarf sem unnið hefur verið á Keflavíkurflugvelli síðustu ár einnig nýtast við markaðssetningu annarra millilandaflugvalla.

Samhliða þessu verkefni var ráðist í að skerpa á skilgreiningu á hlutverki og framtíðarsýn félagsins. Markmiðin eru háleit, samanber framtíðarsýn félagsins sem er að Ísland styrkist sem miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi. Til að þessi framtíðarsýn verði að veruleika er mikilvægt að mörkuð sé skýr stefna opinberra aðila um flugsamgöngur.

Svara þarf spurningum um stefnu í aukningu fjölda ferðamanna, bæði þeirra sem koma til landsins og eins þeirra sem aðeins hafa stutta viðdvöl á leið sinni milli heimsálfa. Stefnan þarf einnig að tilgreina mannaflapörf, menntun og fjárfestingu í innviðum, bæði fyrir farþegaflug, flugskóla og einkaflugmenn. Sem innlegg í umræðuna lét Isavia gera skýrslu á árinu þar sem metin eru framtíðaráhrif stækkunar Keflavíkurflugvallar.

Keflavíkurflugvöllur

Farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fjölgaði um 40% árið 2016, eða um nærri tvær milljónir. Fjölgunin samsvarar heildarfjölda farþega sem fóru um flugvöllinn árið 2010.

Miklar endurbætur voru gerðar á flugvöllum líkt og undanfarin ár. Áhersla hefur verið lögð á nýframkvæmdir til að mæta fjölgun farþega og stækkun flugvéla en einnig var ráðist í stór verkefni við endurnýjun flugbrautakerfisins. Fjárfestingar

hafa verið í takt við þróunaráætlun flugvallarins og vel tókst til við að halda áhrifum framkvæmda á farþega í lágmarki sem sést af niðurstöðum þjónustukönnunar Alþjóðasamtaka flugvalla (ACI).

„FARÞEGAUKNINGIN HEFUR LEITT AF SÉR ÖRAN VÖXT Í FERÐAÞJÓNUSTU EN MIKILVÆGT ER AÐ ALMENN SÁTT RÍKI Í SAMFÉLAGINU UM ÁHRIF FJÖLGUNAR ERLENDRA FERÐAMANNA“

Farþegaaukningin hefur leitt af sér öran vöxt í ferðaþjónustu en mikilvægt er að almenn sátt ríki í samfélaginu um áhrif fjölgunar erlendra ferðamanna til landsins og skiptifarþega á Keflavíkurflugvelli. Í þeirri umræðu má ekki gleyma að vöxtur ferðaþjónustu er meginástæða þess að hagvöxtur á Íslandi var einn sá mesti í heiminum árið 2016.

Innanlandsflugvellir

Fjármögnun og rekstur innanlandsflugvalla hefur verið erfiður undanfarin ár. Eignarhald og ábyrgð á innviðum liggur hjá ríkinu, sem felur Isavia að annast reksturinn á grundvelli þjónustusamnings til eins árs í senn. Um 70% af tekjum kerfisins koma úr ríkissjóði og afgangurinn frá notendum. Samanburður sýnir að rekstur innanlandsflugvalla hérlandis er með mun hagkvæmari hætti en önnur sambærileg flugvallakerfi í Evrópu. Hlutur ríkisins hefur þó vart nægt til að standa undir rekstrinum og er ljóst að flugvallarstarfsmenn hafa unnið þrekvirki við að halda kerfinu gangandi.

Félagið hefur lagt áherslu á góðan tækjabúnað á flugvöllum og hefur fjárfest í endurnýjun á síðustu árum fyrir 664 milljónir króna. Þetta hefur skipt sköpum við rekstur innanlandsflugvallanna.

Isavia hefur metnað til að styðja íslenska ríkið í að gera innanlandsflug að raunverulegum valkosti í almenningssamgöngum landsmanna. Félagið vann á árinu með innanríkisráðuneytinu að því að leita lausna á framtíðarrekstrarformi innanlandsflugvalla og standa vonir til þess að niðurstaða verði kynnt síðar á þessu ári.

Flugleiðsöguþjónusta

Mikil umferðaraukning hefur einnig einkennt rekstur

flugleiðsöguþjónustu Isavia síðustu árin. Aukningin er tilkomin bæði vegna umferðar til og frá landinu og yfir Norður-Atlantshaf. Þetta hefur leitt til aukinnar vinnu starfsmanna í flugumferðarstjórn. Við því er brugðist með þjálfun nýrra flugumferðarstjóra og hafa aldrei eins margir nemar verið í þjálfun og nú.

Félagið tók í notkun glæsilega viðbyggingu við flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og er stefnt að því að í framtíðinni verði öll starfsemi sem tengist flugstjórn á Norður-Atlantshafi þar til húsa.

Hluti af góðu ferðalagi

Isavia er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu sem er grundvöllur flugsamgangna landsins. Starfsmenn stuðla saman að góðu ferðalagi viðskiptavina félagsins en eru jafnframt hluti af góðu ferðalagi hvers annars.

Ég vil þakka öllum þessum frábæru samferðamönnum fyrir gott ferðalag og hlakka til að takast á við krefjandi verkefni sem framundan eru með þeim.

Björn Óli
Hauksson

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

ÁRIÐ 2016 VAR AF MÖRGUM ÁSTÆÐUM AFAR VIÐBURÐARÍKT HJÁ ISAVIA. TALSVERÐUR TEKJUVÖXTUR VAR HJÁ ÖLLUM KJARNASVIÐUM FÉLAGSINS, EN ÞAU ERU FLUGLEIÐSÖGUSVIÐ, FLUGVALLASVIÐ OG KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR.



Rekstrartekjur félagsins námu um 33 milljörðum króna á árinu 2016 og jukust þær um 26,99% eða sjö milljarða króna milli ára. Tekjuvöxturinn byggði að stærstum hluta á auknum umsvifum. Segja má að vöxturinn hafi á sama tíma verið arðbær þar sem afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði hækkaði sem hlutfall af veltu hjá öllum kjarnasviðunum. Hagnaður ársins nam 6,9 milljörðum króna, en þar af nam gengishagnaður tæpum 2,8 milljörðum króna.

Stefnumótun

Fjölmörg málefni komu til kasta stjórnar á árinu 2016, sem mörg hver leggja grunn að framtíðarstefnumótun félagsins. Ýmis mál tengd vinnu við aðalskipulag og þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar voru tekin til sérstakrar umfjöllunar sem og framtíðarskipan flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi og nauðsyn uppbyggingar á innanlandsflugvöllum sem er mikilvægur þáttur í eflingu samgöngukerfis

landsins. Mikil fjölgun ferðamanna undanfarin ár og horfur á frekari fjölgun næstu árin kallar á mikla og fjárfreka uppbyggingu flugvallarmannvirkja á næstu árum. Því tengist mikilvæg ákvörðun um fjármögnun sem brýnt er að meta með tilliti til eignarhalds félagsins og áhættu.

Samfélagsábyrgð

Á árinu setti Isavia sér stefnu í samfélagsábyrgð sem miðar að því að stuðla að arðbærum rekstri með áherslu á jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags. Samhliða gerðist félagið aðili að UN Global Compact sem er alþjóðaverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna og gekk þannig félagið í lið með yfir níu þúsund fyrirtækjum í 168 löndum sem eru nú þegar aðilar að verkefninu. Með þátttöku skuldbindur Isavia sig til þess að móta stefnur og starfshætti í samræmi við tíu grundvallarþætti Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Árlega mun félagið skila skýrslu til Sameinuðu þjóðanna þar sem markmið og árangur í þeim tíu flokkum sem um ræðir verða tilgreind. Skýrslunni verður skilað í fyrsta skipti árið 2017. Þá hefur félagið einnig gengið í Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, og er eitt þeirra fyrirtækja sem hafa skrifað undir sameiginlega yfirlýsingu um ábyrga ferðþjónustu. Félagið er auk þess eitt sjö fyrirtækja sem eru bakhjarlar þess verkefnis.

Jafnréttisáætlun og jöfn laun

Stjórn Isavia hefur samþykkt jafnréttisáætlun fyrir félagið og miðar hún meðal annars að því að jafna launakjör milli kynja, auka almenna starfsánægju og bæta starfsanda. Á árinu samdi félagið við PwC um framkvæmd jafnlaunaúttektar. Lagt var mat



á launagreiðslur til allra starfsmanna og voru þær skoðaðar út frá lífaldri, starfsaldri, heildarvinnustundum og menntun. Félagið uppfyllti kröfur úttektafyrir og hlaut því gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á árinu 2016 til staðfestingar á því að launajafnrétti er til staðar hjá félaginu.

Umhverfismál

Í umhverfismálum hefur Isavia lagt sig fram um að mæta almennt viðurkenndum sjónarmiðum og var eitt af þeim fyrirtækjum sem skrifaði undir yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum. Félagið setti sér umhverfisstefnu sem miðar að því að lágmarka áhrif neikvæðra umhverfisþátta í starfsemi sinni

hefur það verkefni verið notað til þess að gera aðgerðir í umhverfismálum sýnilegri fyrir starfsfólk.

Stjórnarhættir

Stjórn Isavia hefur sett sér ítarlegar starfsreglur, þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind, auk þess sem fram hefur verið sett heildstæð áhættustefna félagsins, siðferðisviðmið og áherslur varðandi samfélagsábyrgð. Í starfsreglunum er kveðið á um að stjórn félagsins skuli fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem m.a. eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland. Stjórnarháttayfirlýsing félagsins var endurnýjuð í febrúar 2017.

Umfangsmikil fjárfestingaráform hafa verið samþykkt sem miða að því að gera flugvællinum kleift að taka við þeim mikla fjölda farþega sem um hann fer. Til þess hefur verið varið verulegum fjárhæðum, og hefur stjórn félagsins til viðbótar samþykkt háar fjárhæðir til áframhaldandi uppbyggingar. Þessar ákvarðanir byggja á langtímaáætlunum félagsins og benda þær til þess að Isavia sé vel fær til að takast á hendur áframhaldandi uppbyggingu, enda er staða félagsins í lok árs 2016 sterk.

Ófullnægjandi uppbygging og viðhald innanlandsflugvalla

Innanlandsflugvællir eru í eigu íslenska ríkisins og á ábyrgð þess þegar kemur að ákvörðunum um fjármögnun á uppbyggingu og viðhaldi þeirra. Hlutverk Isavia í þeim efnum er skilgreint í þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið, en hann er gerður til eins árs í senn og ákveður ráðuneytið sem þjónustukaupandi þjónustustig. Á fjárlögum 2017 er ekki gert ráð fyrir fjármunum til viðhalds innanlandsflugvalla, en á sama tíma er viðhaldþörfin veruleg og vaxandi. Ástæða er til þess að vekja sérstaka athygli á því að skortur á viðhaldsfé til innanlandsflugvalla leiðir til þess að til lokunar flugvalla kann að koma á næstu misserum, ef ekki fæst auknið fjármagn til brýnustu framkvæmda.

„FÉLAGIÐ SETTI SÉR UMHVERFISSTEFNU SEM MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ LÁGMARKA ÁHRIF NEIKVÆÐRA UMHVERFISÞÁTTA Í STARFSEMI SINNI“

og að umhverfismál skuli vera höfð til hliðsjónar við hvers kyns ákvarðanir sem teknar eru. Um þessar mundir er verið að setja upp hljóðmælingar í rauntíma á Keflavíkurflugvelli, hlutfall endurunnins úrgangs verður aukið og sett hefur verið upp líkan sem mælir og metur loftgæði á Keflavíkurflugvelli miðað við mismunandi forsendur. Þá hefur verið sett upp áætlun um eftirlit með gæðum grunnvatns á og við Keflavíkurflugvöll. Félagið er einnig þátttakandi í Grænum skrefum á vegum Umhverfisstofnunar og

Áhættustýring

Félagið hefur sett sér stefnu í áhættustýringu og fylgist grannt með fyrirfram skilgreindu áhættuyfirliti. Skilgreindar áhættur félagsins eru reglulega endurskoðaðar með tilliti til alvarleika hvers áhættuþáttar og líkinda á að atburðir eigi sér stað.

Uppbygging Keflavíkurflugvallar

Stjórn félagsins hefur síðustu misseri horft til ýmissa þátta í áætlunum um uppbyggingu Keflavíkurflugvallar.



Tölvuteikning af viðbyggingu á suðurbyggingu Keflavíkurflugvallar. Áætluð verklok 2017.

Góður gangur í flugleiðsöguþjónustunni

Flugleiðsöguþjónusta Isavia hefur vaxið mikið síðustu árin, en það má rekja til aukins flugs til og frá Íslandi og jafnframt verulega aukinnar þjónustu við alþjóðaflug á leið milli Asíu og Evrópu annars vegar og Norður-Ameríku og Evrópu hins vegar. Félagið hefur verið ötult við að þróa og innleiða tækninýjungar sem hafa skilað sér til flugrekenda í formi hagræðis og sveigjanleika. Stór og umfangsmikil verkefni eru fram undan sem munu gera félagið enn betur í stakk búið til að veita flugrekendum áframhaldandi góða þjónustu.

Samstillt sveit

Mikil fjölgun ferðamanna, langt umfram árlegar spár, og umfangsmiklar framkvæmdir af þeim sökum hafa verið afar krefjandi fyrir stjórnendur og starfsmenn Isavia á árinu 2016. Slíkri fjölgun

verður ekki mætt með góðu móti nema til komi góð samvinna, samhæfing og skipulagning. Ekki verður annað með sanngirni sagt en að vel og greiðlega hafi tekist til við að leysa úr óvæntri stöðu og er því sérstök ástæða til þess að þakka nú sem fyrr fyrir hönd stjórnar Isavia, forstjóra, framkvæmdastjórn og öllu starfsfólki félagsins fyrir framúrskarandi störf við óvæntar aðstæður á liðnu ári.

Ingimundur
Sigurpálsson



Flugvöllurinn á Pórhöfn
66° 13' 13.5948" N
15° 19' 51.1068" W



STJÓRNARHÆTTIR



Uppbygging og samsetning

Isavia er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög nr. 60/1998 um loftferðir.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, almennri eigandastefnu ríkisins frá ágúst 2012, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Stjórn félagsins hefur „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrir tækja“ til hliðsjónar í störfum sínum og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að félaginu beri ekki að fylgja leiðbeiningunum lögum samkvæmt. Engar formlegar undirnefndir stjórnar eru starfandi, s.s. endurskoðunar-, tilnefningar- eða starfskjaranefndir. Stefna hefur verið sett um samfélagslega ábyrgð. Ekki hafa fallið neinir dómar þar sem félagið er talið hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Stjórn

Stjórn Isavia er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum sem kjörnir eru á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn eru tilnefndir af fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd eigandans, íslenska ríkisins. Kynjahlutfall í stjórn Isavia er 40% konur og 60% karlar.

Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og

Stjórn

Ingimundur Sigurpálsson, fæddur 1951, viðskiptafræðingur. Stjórnarformaður frá 2014.

Matthías Imsland, fæddur 1974, stjórn málafræðingur. Varaformaður stjórnar frá 2014.

Theódóra Þorsteinsdóttir, fædd 1969, lögfræðingur. Stjórnarmaður frá 2015.

Ragnar Óskarsson, fæddur 1948, BA próf í sagnfræði, íslensku og heimspeki. Varaformaður stjórnar 2010–2014, stjórnarmaður frá 2014.

Sigrún Traustadóttir, fædd 1962, viðskiptafræðingur. Stjórnarmaður frá 2014.

Varastjórn

Friðbjörg Matthíasdóttir, fædd 1969, viðskiptafræðingur. Varamaður frá 2014.

Jens Garðar Helgason, fæddur 1976, framkvæmdastjóri. Varamaður frá 2014.

Jón Norðfjörð fæddur 1947, forstjóri. Aðalmaður í stjórn 2010–2014. Varamaður frá 2014.

Sigurbjörn Trausti Vilhjálmsson, fæddur 1943, rafvirki. Varamaður frá 2010.

Tryggvi Haraldsson, fæddur 1981, stjórn mála- og Evrópufræðingur. Varamaður frá 2014.

Nánari upplýsingar um stjórn Isavia er að finna á vefsvæðinu isavia.is/um-isavia/stjorn

forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundum þann 11. maí 2016. Þar er m.a. að finna skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála og um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Meginhlutverk er að stýra félaginu og tryggja að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna, auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur. Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma með mörkun stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Árangursmat

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra og skilvirkni undirnefnda, séu þær starfandi. Árangursmat felur m.a. í sér mat á styrkleika og veikleika í störfum og verklagi og einnig er hugað að málefnum sem stjórnin telur að betur megi fara. Síðasta árangursmat var framkvæmt í desember 2016.

Forstjóri

Forstjóri félagsins hefur með höndum stjórn allrar daglegrar starfsemi skv. stefnu og fyrirætlum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Rekstur félagsins grundvallast á fimm rekstrarsviðum sem annast kjarnastarfsemi félagsins: flugleiðsögusvið, flugvallasvið, rekstrarsvið Keflavíkurflugvallar, tækni- og eignasvið Keflavíkurflugvallar og viðskiptasvið Keflavíkurflugvallar. Stoðsvið Isavia eru þrjú talsins: þróun og stjórnun, mannauður og árangur og fjármálasvið. Einnig er staðla- og gæðadeild sérstök stoðeining. Framkvæmdaráð fjallar um og ákvarðar málefni sem varða starfsemi félagsins í heild auk afgreiðslu mála sem skarast á milli sviða og deilda. Enn fremur ber framkvæmdaráð ábyrgð á framþróun og innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfis. Yfirmenn rekstrar- og stoðeininga mynda framkvæmdaráð félagsins ásamt forstjóra.



1



2




3




4



5



1. Ásgeir Pálsson
2. Guðmundur Daði Rúnarsson
3. Björn Óli Hauksson
4. Helga Eyjólfsdóttir
5. Jón Karl Ólafsson
6. Sveinbjörn Indriðason
7. Elín Árnadóttir
8. Þróstur V. Söring
9. Hlynur Sigurðsson
10. Sigurður Ólafsson



Flugleiðsögu-svið

Flugleiðsögu-svið hefur með höndum flugleiðsöguþjónustu í innanlandsflugi og alþjóðaflugi yfir stóru svæði á Norður-Atlantshafi. Framkvæmdastjóri er Árgeir Pálsson, fæddur 1951, flugumferðarstjóri. Framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2010.

Flugvallasvið

Flugvallasvið annast rekstur og viðhald allra flugvalla landsins utan Keflavíkurlugvallar. Framkvæmdastjóri er Jón Karl Ólafsson, fæddur 1958, viðskiptafræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2015.

Rekstrarsvið Keflavíkurlugvallar

Rekstrarsvið Keflavíkurlugvallar annast flugvernd, flugvallarþjónustu og tækniþjónustu flugvallarins. Framkvæmdastjóri er Pröstur V. Söring, fæddur 1968, tækni-fræðingur. Framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2014, á rekstrarsviði Keflavíkurlugvallar frá 2016.

Tækni- og eignasvið Keflavíkurlugvallar

Tækni- og eignasvið hefur umsjón með stærri verklegum framkvæmdum, umhverfismálum á Keflavíkurlugvelli, viðhaldi og rekstri fasteigna og

farangurskerfis. Framkvæmdastjóri er Guðmundur Daði Rúnarsson, fæddur 1979, rekstrarverkfræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2016.

Viðskiptasvið Keflavíkurlugvallar

Viðskiptasvið sér um farþegaþjónustu, rekstur verslunar- og veitingasvæðis og annast alla samningagerð við rekstraraðila á Keflavíkurlugvelli auk reksturs bílastæðaþjónustu og þróunar nýrra flugleiða. Framkvæmdastjóri er Hlynur Sigurðsson, fæddur 1974, rekstrarverkfræðingur. Framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2010, á viðskiptasviði Keflavíkurlugvallar frá 2016.

Þróun og stjórnun

Þróun og stjórnun er stoðsvið sem er forstjóra og stjórn til aðstoðar. Starfsmenn hafa með höndum markaðs- og upplýsingamál, viðskiptaþróun, verkefnastofu, stefnumörkun, lögfræðileg málefni, skipulagsmál Keflavíkurlugvallar, umsjón með stjórnarháttum og samræmingu flugvalla og flugverndar. Framkvæmdastjóri er Elín Árnadóttir, fædd 1971, viðskiptafræðingur. Aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2010, framkvæmdastjóri þróunar og stjórnunar frá 2013.

Mannauður og árangur

Mannauður og árangur er stoðsvið sem annast mannaðsmál, starfsþróun, þjálfun og fræðslu, launavinnslu og kjarasamninga, innri samskiptamál, stefnuinnleiðingu og árangursmælingar. Framkvæmdastjóri er Sigurður Ólafsson, fæddur 1962, rekstrar-hagfræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2013.

Fjármálasvið

Fjármálasvið er stoðsvið sem hefur með höndum reikningshald, fjárstýringu, áhættustýringu, hagdeild, fjármögnun og eftirlit með innkaupum. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörn Indriðason, fæddur 1972, hagfræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2013.

Staðla- og gæðadeild

Staðla- og gæðadeild er stoðdeild sem annast skipulag og samhæfingu öryggis- og gæðamála ásamt umsjón með umhverfismálum. Öryggis- og gæðastjóri er Helga Eyjólfsdóttir, fædd 1964, efnaverkfræðingur. Staðla- og gæðastjóri frá 2010.

DÓTTURFÉLÖG

Fríhöfnin ehf.

Fríhöfnin rekur fimm verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fjórar fyrir brottfararfarþega og eina fyrir komufarþega. Verslanirnar eru opnar þegar áætlunarflug er um flugvöllinn. Fríhöfnin leggur áherslu á fjölbreytt úrval innlendra og alþjóðlegra vörumerkja á hagstæðu verði. Fastir starfsmenn eru um 210 en á sumrin um 310. Fríhöfnin var valin besta fríhafnarverslun í Evrópu árið 2013 og 2014 af alþjóðlega fagttímaritinu Business Destinations. Framkvæmdastjóri Fríhafnarinna er Þorgerður Þráinsdóttir.

Tern Systems ehf.

Tern Systems þróar og framleiðir hugbúnað fyrir flugleiðsöguþjónustu. Um er að ræða lausnir sem notaðar eru í rekstri flugstjórnarmiðstöðva, flugturna og við þjálfun flugumferðarstjóra. Kerfi frá Tern Systems eru meðal annars notuð á Íslandi, Írlandi, Suður-Kóreu, Spáni, Marokkó og Indónesíu.

Starfsmenn eru um 50 í aðalstöðvum félagsins á Íslandi. Framkvæmdastjóri Tern Systems er Magnús Þórðarson.

Domavia ehf.

Domavia hýsir hluta af fasteignum Isavia. Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia, fer með prókúru fyrir félagið.

Suluk ApS

Suluk er grænlenst einkahlutafélag í eigu Isavia. Félagið annast flugleiðsöguþjónustu á Grænlandi. Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia, fer með prókúru fyrir félagið.

SAMSKIPTI HLUTHAFA OG STJÓRNAR

Einn hluthafi, Ríkissjóður Íslands, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hluthafavaldið. Boðun á hluthafafund er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Fundurinn er meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórnarformaður og forstjóri hafa átt fundi með ráðherra eða fulltrúa hans. Stjórnin fylgir „Almennri eigandastefnu ríkisins: Hlutafélög og sameignarfélög“ í störfum sínum. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og önnur atriði í rekstrinum og ársreikningar og hálfársreikningar eru birtir á vefsíðu félagsins.

INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu félagsins og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu fjármálaáhættur samstæðunnar eru gengisáhætta, vaxtaáhætta og verðtryggingaráhætta. Sérstök áhættunefnd er starfandi og hefur hún umboð stjórnar til að ákvarða m.a. umfang og eðli áhættu og arðsemisgreininga fyrir framkvæmdir og verkefni sem haft geta marktæk áhrif á rekstur og efnahag. Áhættunefnd skilar reglulega skýrslum til stjórnar. Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins gera afmarkaðar úttektir á starfsferlum félagsins.

SÍÐAREGLUR

Síðareglur Isavia gilda um alla starfsmenn og stjórnendur félagsins og eru hluti af ráðningarsamningum starfsmanna. Þær eru öllum aðgengilegar á innri vef félagsins og á vefsíðunni isavia.is/um-isavia. Að auki er sérstakur kafli um vanhæfi í starfsreglum stjórnar og stjórnarháttaryfirlýsing fyrir árið 2017. Skjölín eru aðgengileg á vefsíðunni isavia.is/um-isavia/stjorn.



ISAVIA Í SAMFÉLAGINU

- 24 — STEFNA Í SAM-
FÉLAGSÁBYRGÐ
- 26 — HAGSMUNAAÐILAR
- 36 — AUKIN UMSVIF
- 39 — FARÞEGA-
OG UMFERÐARSPÁR
- 40 — MANNAUÐUR

Isavia hefur með höndum rekstur og viðhald á innviðum sem er grunnur að flugsamgöngum landsins, tengingum við umheiminn og flugi á milli þriggja heimsálfa á stóru alþjóðasvæði. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag og starfsfólk félagsins leggur sig fram um að haga störfum sínum á öruggan og skilvirkan hátt í sátt við samfélagið.

STEFNA Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

STEFNA FÉLAGSINS Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ ER GRUNDVÖLLUÐ Á VÆNTINGUM UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA SEM FRAM KOMA Í ALMENNRI EIGANDASTEFNU RÍKISINS, LÖGUM UM ÁRSREIKNINGA OG NÝJUM LÖGUM UM OPINBER INNKAUP (120/2016) SVO EITTHVAÐ SÉ NEFNT. FÉLAGIÐ HEFUR SETT SÉR EFTIRFARANDI STEFNU OG MARKMIÐ Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ:



ISAVIA SKULDBINDUR SIG TIL AÐ BIRTA OPINBERLEGA UPPLÝSINGAR UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FÉLAGSINS Í SAMRÆMI VIÐ VIÐMIÐ UN GLOBAL COMPACT OG GRI.

Stefna:

Isavia stuðlar að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi.

Markmið:

Isavia vinnur með virkum og skipulögðum hætti að eftirfarandi markmiðum:

- Tryggja góða flugþjónustu á Íslandi og framkvæma hlutverk sitt í samfélaginu á öruggan og skilvirkan hátt.
- Stuðla að ánægju starfsfólks og góðu starfsumhverfi.
- Byggja upp rekstur sem er sjálfbær til lengri tíma litið í samstarfi og sátt við viðskiptavinum, almenning á Íslandi og aðra hagaðila.
- Umgangast umhverfið með ábyrgð og sjálfbærni að leiðarljósi, draga úr kolefnisspori félagsins og leggja þannig sitt af mörkum til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.



UN GLOBAL COMPACT

Isavia gerðist aðili að UN Global Compact og UN Global Compact Nordic árið 2016. Með þátttöku skuldbindur félagið sig til að stefna og starfshættir séu í samræmi við tlu meginþætti Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Félagið mun skila framvinduskýrslu til Sameinuðu þjóðanna í fyrsta skipti árið 2017.

ÁBYRG FERÐA- ÞJÓNUSTA

Isavia er bakhjarl í hvatningarverkefni um ábyrga ferðaþjónustu. Verkefnið tekur til rúmlega 260 fyrirtækja í ferðaþjónustu og er ætlað að stuðla að umhverfisvernd og samfélagsábyrgð. Atvinnugreinin hefur tekið höndum saman um að sýna samstöðu og ábyrgð við uppbyggingu sterkar atvinnugreinar til framtíðar.



FESTA

Isavia er aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, sem hefur það markmið að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til rannsókna á þessu sviði.

HAGSMUNA AÐILAR



ISAVIA LEGGUR ÁHERSLU Á VIÐTÆKT SAMRÁÐ VIÐ ÞÁ HAGSMUNA AÐILA SEM TREYSTA Á ÞJÓNUSTU FYRIR-TÆKISINS OG VERÐA FYRIR ÁHRIFUM AF STARFSEMINNI. STARFSEMINNAR GÆTIR UM ALLT LAND OG SNERTIR ALLA LANDSMENN. ISAVIA HEFUR GREINT Á ANNAÐ HUNDRAD HAGSMUNA AÐILA SEM MÁ FLOKKA Í VIÐSKIPTAVINI, STARFSFÓLK, SAMFÉLAG, STJÓRNVÖLD OG BIRGJA.

VIÐSKIPTAVINIR

Helstu viðskiptavinir félagsins eru flugrekendur sem nýta flugvelli og flugstjórnarsvæði, rekstrar- aðilar á flugvöllum svo sem flugþjónustuaðilar, verslanir, veitingaaðilar, bílaleigur og hópflutninga- fyrirtæki, og síðast en ekki síst flugfarþegar.

Samskipti við notendur og rekstraraðila fara fyrst og fremst fram á reglulegum fundum. Samskipti við farþega eiga sér stað með beinum samskiptum starfsfólks félagsins á flugvöllum og með öllum helstu samskiptaleiðum; síma, tölvupósti, vefjum og samfélagsmiðlum og reglubundnum viðskiptavinakönnunum.

Flugrekendur

Samskipti við flugfélög sem fara um flugvelli Isavia og flugstjórnarsvæði fara meðal annars fram á reglulegum notendanefndarfundum sem öllum notendum er boðið á auk fundu með hverju og einu þeirra eftir þörfum. Notendanefndir flugvalla starfa í samræmi við ákvæði loftferðalaga og reglugerðar. Í þeim sitja fulltrúar allra flugfélaga sem nota flugvöllinn að staðaldri og umboðsaðila þeirra. Á fundunum gefst notendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir um rekstur, gæði þjónustu, gjaldtöku, nýframkvæmdir, turnþjónustu eða önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra. Notendanefnd Keflavíkurflugvallar fundar eins oft og þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar en árlega. Notendanefnd innanlandsflugvallanna fundar að jafnaði einu sinni á ári.





Samráð er haft við notendur flugleiðsöguþjónustu um rekstur og fjárfestingar og fer það samráð fram á árlegum notendafundum. Samráð um aðra þætti flugleiðsöguþjónustu fer einnig fram með notendum á vettvangi Skipulagsnefndar ICAO (NAT-SPG) fyrir Norður-Atlantshaf. Reglulegir fundir eru haldnir með notendum auk samskipta við einstaka notendur eða fulltrúa notendahópa ef nauðsyn þykir. Í notendasamráðinu hefur samstarfsaðili Isavia, Veðurstofa Íslands, hlutverki að gegna varðandi veðurupplýsingar og er vöktunaraðili vegna eldgosa og annarra náttúruhamfara.

Rekstraraðilar á Keflavíkurflugvelli

Samskipti við rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli fara fram á sameiginlegum fundi eða með hverjum og einum. Fastir hópfundir eru með verslunar- og veitingaaðilum fjórum sinnum á ári, frammistöðufundir með hverjum og einum 3–4 sinnum á ári og verslunarstjórakaffi tíu sinnum á ári. Stærri notendafundir fyrir alla hagsmuna- og þjónustuaðila á og við flugvöllinn fara nú fram fyrir opnum dyrum. Tveir slíkir fundir voru haldnir árið 2016.

Farþegar

Samskipti við farþega fara fyrst og fremst fram með aðstoð ýmissa miðla þar sem tekið er við fyrirspurnum og þeim svarað. Isavia stendur fyrir reglulegum markaðs- og þjónusturannsóknum á flugvöllum sínum. Á Keflavíkurflugvelli hafa samræmdar þjónustukannanir verið framkvæmdar undanfarin 12 ár. Um er að ræða alþjóðlega könnun á vegum Alþjóðasamtaka flugvalla (ACI) sem mælir ánægju farþega á yfir 250 flugvöllum um allan heim og gefur góðan samanburð. Gögnum um 34 þjónustuþætti á flugvöllum er safnað allt árið. Niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og því hægt að bregðast skjótt við þáttum sem þarfnast úrbóta. Ánægja farþega er mæld á kvarðanum 0–5 og hefur Keflavíkurflugvöllur almennt bætt stöðu sína á umliðnum árum. Stök tímabil finnast þó þar sem heildaránægja fer niður og má yfirleitt rekja það til framkvæmda við endurbætur á flugstöðinni. Fyrir utan þessa föstu þjónustukönnun eru framkvæmdar kannanir eftir þörfum.



Amabadama spilaði á árs hátíð Isavia 2016 samhliða því að nýtt merki var tekið í notkun.

STARFSFÓLK

Samskipti við og milli starfsfólks fara fyrst og fremst fram á reglubundnum starfsmannafundum forstjóra, innri vef félagsins og viðburðum á vegum starfsmannafélagsins.

Til að auka frekar upplýsingaflæði til starfsmanna og veita þeim tækifæri til þess að greina frá störfum sínum og skiptast á skoðunum var settur upp nýr innri vefur árið 2015 sem hlaut nafnið Flugan. Vefurinn er hugsaður sem samfélagsmiðill sem tengir starfsmenn saman og geta allir sett

haldið utan um skráningar á viðburði, námskeið og skemmtanir á vegum fyrirtækisins. Þess má geta að Flugan var valin besti innri vefur ársins á Íslensku vefverðlauninum 2015 og var tilnefnd til sömu verðlauna 2016. Starfsmannafélag Isavia og dótturfyrirtækja, Staffið, stuðlar að fjölbreyttu og öflugum félagslífi og skipuleggur fjölda viðburða fyrir félagsmenn, t.d. fjölskyldudag á sumrin, jólahlaðborð, bíóferðir og keilukvöld. Auk þess hefur félagið samið um afsláttakjör fyrir starfsmenn hjá ýmsum fyrirtækjum. Öllum starfsmönnum býðst aðild að Staffinu.

STAFFIÐ STUÐLAR AÐ FJÖLBREYTTU OG ÖFLUGU FÉLAGSLÍFI OG SKIPULEGGUR FJÖLDA VIÐBURÐA FYRIR FÉLAGSMENN

inn færslur, myndir og myndbönd sem þeir vilja deila með samstarfsfólki sínu. Flugan er einnig öflug fréttaveita fyrir stjórnendur og einföld leið til að koma upplýsingum til allra starfsmanna samtímis. Starfsfólk getur einnig sótt þangað ýmis tæki og tól til notkunar við störf sín og

Félagið leggur áherslu á gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi, öfluga fræðslu og þjálfun og jákvæðan starfsanda. Markvisst er unnið að endurnýjun starfsstöðva og t.d. var á síðasta ári tekin í notkun ný starfsaðstaða í flugstjórnarmiðstöð, ný starfsaðstaða fyrir starfsfólk flugverndar á Keflavíkurflugvelli og verið er að byggja nýja aðstöðu fyrir starfsfólk flugvallarþjónustu á Keflavíkurflugvelli.



1



2

MYNDIR ÚR STARFI

1. Hjólreiðadagur Isavia í Reykjavík.
2. Jólaútsýningar á Keflavíkurflugvelli.
3. Framadagar í Háskólanum í Reykjavík.
4. Starfsmenn Isavia í Reykjavíkumaraþoni.
5. Team Isavia tók þátt í WOW Cyclothon.



3





Flugvöllurinn í Grímsey
66° 32' 52.3644" N
18° 1' 15.2544" W



SAMFÉLAGIÐ

Umtalsverð samskipti eru við sveitarfélög og landshlutasamtök í nágrenni við flugvelli félagsins og má þar nefna sveitarfélögin á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ, Ísafjörð, Fljótisdalshérað, Þórshöfn, Vopnafjörð, Húsavík og Vestmannaeyjabæ.

NAUÐSYNLEGT ER AÐ UPPLÝSINGAGJÖF TIL SVEITARFÉLAGA SÉ MEÐ FULLNÆGJANDI HÆTTI ÞAR SEM STARFSEMI FÉLAGSINS GETUR HAFT MIKIL ÁHRIF Á NÆRUMHVERFIÐ.

Nauðsynlegt er að upplýsingagjöf til sveitarfélaga sé með fullnægjandi hætti þar sem starfsemi félagsins getur haft mikil áhrif á nærumhverfið. Sérstaklega á það við á Suðurnesjunum þar sem Keflavíkurflugvöllur er stærsti vinnustaðurinn. Samskiptin hafa farið fram á fundum með bæjar- og sveitarstjórnarmönnum, auk annarra hagsmunaaðila. Einnig er náið samráð við markaðsstofur svæðanna á Norður- og Austurlandi þar sem t.d. er unnið að markaðssetningu á beinu flugi til Akureyrar og Egilsstaða í tengslum við Flugþróunarsjóð.

Isavia á einnig víðtækt samstarf við aðila í ferðaþjónustunni eins og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, Íslandsstofu, Stjórnstöð ferðamála auk þess sem félagið er aðili að Íslenska

ferðaklasanum. Isavia er einnig virkur aðili í hafnar- og flutningahópi Íslenska sjávarklasans en það er samstarfsvettvangur fyrirtækja sem flest eru beintengd flutningum og hafnarstarfsemi.

Isavia hefur verið einn af bakhjörllum samráðsvettvangsins Arctic Circle frá upphafi og starfsmenn taka virkan þátt í umræðum um málefni norðurslóða, hvort heldur sem er í tengslum við flugumferð á norðurslóðum eða í tengslum við hugmyndir um uppbyggingu björgunarmiðstöðvar á Íslandi.

Þá heldur Isavia reglulega opna fundi til þess að miðla upplýsingum til almennings og aðila innan ferðaþjónustunnar um áform félagsins á Keflavíkurflugvelli s.s. framkvæmdir og umferðarspár innan ferðaþjónustunnar. Starfsfólk Isavia hefur einnig haldið erindi á fjölda opinna funda sem haldnir hafa verið á vegum annarra aðila.

Í október 2016 hélt félagið opinn samráðsfund í Hljómahöll í Reykjanesbæ þar sem kynnt voru drög að nýju deiliskipulagi fyrir austur- og vestursvæði Keflavíkurflugvallar. Fundinn sóttu um 80 manns og tóku þátt í umræðuhópum um mismunandi efni sem tengjast skipulagsvinnunni.

Á sviði flugleiðsöguþjónustu á Isavia í nánu samstarfi við þjónustuaðila og aðliggjandi flugstjórnarmiðstöðvar. Félagið er þátttakandi í Borealis sem er samstarfsvettvangur níu flugleiðsöguþjónustuaðila í Norður-Evrópu.

Helstu samtök sem Isavia er aðili að

Erlend samtök:

- Airport Council International (ACI)
- NAT-SPG, samstarfsvettvangur ríkja innan ICAO NAT-Region-svæðisins
- Borealis, samstarfsvettvangur flugleiðsöguþjónustuveitenda í Norðvestur-Evrópu
- Civil Air Navigation Services Organisation (CANSO)

Innlend samtök:

- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnulífsins
- Viðskiptaráð Íslands
- Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Amerísk-Íslenska viðskiptaráðið
- Fransk-Íslenska viðskiptaráðið
- Íslenski ferðaklasinn
- Íslenski sjávarklasinn
- Festa, miðstöð um samfélagslega ábyrgð


Fagfélög:

- Stjórnvísir
- Verkefnastjórnunarfélag Íslands
- Lögmannafélag Íslands
- Flóra, félag mannauðsstjóra



1

1. Opinn fundur um deiliskipulag austur- og vestursvæðis Keflavíkurflugvallar.
2. Isavia hefur um árabíl styrkt Slysavarnarfélagið Landsbjörg til eflingar á hópslysa- viðbúnaði.



2

Almannavarnir og hópslysa viðbúnaður

Isavia á aðild að stjórnstöð almannavarna og er í lykilhlutverki vegna viðbragðsáætlunar um leit og björgun á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Viðbragðsæfingar á flugvöllum eru mikilsverður þáttur í viðbúnaði Isavia og ekki síður almannavörnum og þróun þeirra. Að jafnaði eru haldnar fjórar flugslysaæfingar á ári og er þátttaka undantekningarlaust góð. Árið 2016 voru haldnar þrjár æfingar, á Keflavíkurflugvelli, Reykjavíkurflugvelli og Þórshafnarflugvelli. Tóku yfir 1.000 manns þátt í þessum æfingum frá öllum viðbragðsaðilum. Frá því félagið hóf að halda reglubundnar æfingar á flugvöllum hafa viðbragðsáætlanir almannavarna vegna hópslysa þróast til samræmis við verklag sem notast er við á æfingum á flugvöllum. Æfingar félagsins hafa þannig orðið samráðsvettvangur viðbragðsaðila til þróunar á þekkingu og verklagi sem fest hefur verið í reglugerðir og lög um almannavarnir.

Styrktarsjóður Isavia og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar

Styrktarsjóður Isavia og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og hefur úthlutað nærri 40 milljónum króna til 25 björgunarsveita. Markmið sjóðsins er að efla hópslysa viðbúnað á landinu öllu. Nýjasta verkefni sjóðsins er styrkur við framleiðslu á sérstökum hópslysakerrum með öllum helsta búnaði sem grípa þarf til, t.d. við hópferðabifreiðarslys. Starfsmenn félagsins hafa skráð þann búnað sem tiltækur er í hverjum landshluta og verða kerrurnar afhentar björgunarsveitum þar sem þörfin er mest. Samstarf Isavia og björgunarsveita hefur verið farsælt um árabíl en sveitirnar eru hryggjarstykkið í almannavarnarviðbúnaði landsins, þ.m.t. á flugvöllum. Sjá nánar á isavia.is/um-isavia/styrkveitingar.



Norðlensk börn taka við styrk til íþróttastarfs.

Samfélagssjóður Isavia

Samfélagssjóðurinn veitti fjölda styrkja á árinu til margvíslegra málefna. Við útlutun er lögð áhersla á umhverfismál, mannúðarmál, forvarnir, flugtengd mál-efni, listir, menningu og menntamál. Félagið styrkir einnig ýmis góðgerðar-samtök með því að veita aðstöðu fyrir söfnunarbauka á flugvöllum. Sjá má lista yfir þá sem hlutu styrki á vef Isavia isavia.is/um-isavia/styrkveitingar.

Háskólastyrkir Isavia

Styrkir hafa verið veittir til nemenda á meistara- og doktorsstigi Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Félagið veitti rúmar 11 milljónir króna í sjö rannsóknaverkefni á meistarastigi árið 2016. Sjá nánar á isavia.is/um-isavia/styrkveitingar.

Startup Tourism

Isavia er einn af bakhjörllum verkefnisins „Startup Tourism“ sem er vettvangur fyrir sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu til að veita viðskiptahugmyndum brautargengi. Tíu fyrirtæki voru valin til þátttöku í svonefndum viðskiptahraðli, og fengu forsvarsmenn þeirra tíu vikna þjálfun og leiðsögn hjá ýmsum sérfræðingum til að þróa viðskiptahugmyndir sínar.

STJÓRNVÖLD

Samskipti við stjórnvöld eru af margvíslegum toga. Ríkið er eigandi félagsins og fylgir það almennri eigandastefnu ríkisins í rekstrinum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með hlutabréfið og fara formleg samskipti fram á hluthafafundum og árlegum aðalfundi. Önnur samskipti við eigandann fara fram á fundum sem boðað er til eftir atvikum.

Innanríkisráðuneytið gegnir tvíþættu hlutverki í tengslum við starfsemi Isavia. Annars vegar sem fagráðuneyti flugmála og hins vegar sem viðskiptaaðili félagsins vegna reksturs innanlandsflugvallakerfisins. Félagið á sæti í þremur nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins; fagráði um flugmál, flugvirkarráði og hefur áheyrnarfulltrúa í samgönguráði. Fyrirtækið á í reglulegum faglegum samskiptum við innanríkisráðuneytið um flugmál auk náins samráðs um framkvæmd þjónustusamningsins.

Isavia annast líka framkvæmd tveggja alþjóðasamninga um flugleiðsöguþjónustu. Svonefndur „Joint Finance“-samningur fjallar um flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins (Reykjavík FIR) við 24 önnur ríki og er Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) umsjónaraðili með honum. Hinn samningurinn er við dönsk stjórnvöld vegna flugleiðsöguþjónustu á hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands (Søndrestrom).

Einnig er fundað nokkrum sinnum á ári með atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu í tengslum við flugtengingar og ferðaþjónustumálefni. Ráðuneytið hefur komið á fót Flugþróunarsjóði sem hefur það verkefni að styrkja millilandaflug til Akureyrar og Egilsstaða og á Isavia fulltrúa í stjórn sjóðsins. Einnig eru haldnir fundir með utanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni í tengslum við varnatengda starfsemi á Keflavíkurflugvelli og skipulagsmál flugvallarins.

Isavia hefur mikil samskipti við ríkisstofnanir vegna hinna margþættu verkefna félagsins. Mest er sambandið við Samgöngustofu sem gefur út starfsleyfi flugvalla og flugleiðsögu og annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd og rekstri. Aðrar eftirlitsstofnanir sem má nefna eru Hollustuvernd ríkisins, Mannvirkjastofnun, Vinnueftirlitið, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Margar ríkisstofnanir eru með starfsstöðvar hjá eða í nánu samstarfi við félagið og má þar telja lögregluembætti, Tollstjóra, Almannavarnir ríkisins og Landhelgisgæsluna. Stofnanir sveitarfélaga sem tengjast rekstri Isavia eru aðallega heilbrigðiseftirlit, brunavarnir og slökkvilið.

Isavia er einnig undir eftirliti og í samstarfi við erlenda aðila. Af þeim má helst telja Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) sem er undirstofnun Sameinuðu þjóðanna og setur alþjóðlega staðla fyrir alla helstu þætti almenningsflugs og fylgist með frammistöðu ríkja og þjónustuveitenda. Stofnunin hefur einnig

eftirlit með framkvæmd fyrrnefnds „Joint Finance“-samnings. Vegna starfsemi félagsins á Grænlandi og í Færeyjum sætir Isavia eftirliti Trafik- og byggjestyrelsen í Danmörku og vegna samstarfs um flugfjarskiptabjónustu á Norður-Atlantshafi eru nán samskipti við Írsku flugmálastjórnina. Á vettvangi Borealis-samstarfsins á félagið í samstarfi við European Aviation Safety Agency (EASA).

BIRGJAR

Þar sem Isavia er í eigu Íslenska ríkisins fellur félagið undir lög um opinber innkaup en helstu aðföngum félagsins má skipta í mannvirkjagerð, þjónustukaup og rekstrarkaup.

Samskipti við birgja fara fram á ýmsan máta, s.s. á fundum, með tölvupósti og símtölum. Snúast þau gjarnan um samningaviðræður, eftirfylgni með samningum eða einstök vörukaup. Félagið vinnur að því að gefa út síðareglur birgja sem byggja meðal annars á ákvæðum alþjóðaframtaksins UN Global Compact.

Úrskurðir og dómar tengdir Isavia ohf. árið 2016

Engir dómar eða úrskurðir hafa fallið þar sem félagið hefur verið talið brjóta lög eða reglur á árinu 2016. Eftirfarandi dómar og kærur tengjast félaginu: Dómsmál vegna ákvörðunar Samkeppnisstofnunar sem beindist að félaginu og lauk með frávisun í kjölfar álitis EFTA dómstólsins í ársbyrjun 2016. Einnig féllst héraðsdómur á niðurstöðu Úrskurðarnefndar upplýsingamála vegna ágreinings um túlkun laga um afhendingu gagna. Félaginu var stefnt til vara ásamt Samtökum atvinnulífsins og ríkinu vegna laga sem sett voru á kjaradeilu Félags Íslenskra flugumferðarstjóra en sýknað.

Fjórar kærur bárust vegna útboða. Í tveimur málanna hefur kærunefndin fallist á afstöðu félagsins, í einu liggur fyrir bráðabirgðaniðurstaða þar sem fallist er á afstöðu þess og einu er ólokið. Tvær kærur bárust vegna ágreinings um afhendingu gagna, í öðru þeirra var fallist á afstöðu félagsins en í hinu ekki.

STRÍÐSMINJAR Í ÖSKJUHLÍÐ

Isavia í samstarfi við Reykjavíkurborg settu upp söguskilti víðsvegar um Öskjuhlíð. Öskjuhlíð og Nauthólsvík geyma margvíslegar minjar frá hersetu Breta og Bandaríkjamanna í síðari heimsstyrjöldinni 1940–1945. Bretar byggðu upp flugbækistöð í Reykjavík á árunum 1940–1942. Öskjuhlíð gegndi lykilhlutverki í vörnum borgarinnar og flugvallarins og þar standa ýmis mannvirki tengd þeim og flugvallarrekstrinum.

Friðþór Eydal tók saman myndir og texta, Sighvatur Halldórsson, grafískur hönnuður á Hvíta húsinu auglýsingastofu, setti upp og Árni Tryggvason, hönnuður, hannaði undirstöðurnar.



AUKIN UMSVIF

Í HEILDINA Hafa umsvif aukist undanfarið í öllum þremur megin einingum kjarnastarfsemi Isavia. Á Keflavíkurflugvelli hefur umferð aukist um 40%, á flugvallasviði um 8% og í flugleiðsögu um tæp 14%.

Þrjú flugfélög héldu uppi áætlunarflugi innanlands, Flugfélag Íslands, Flugfélagið Ernir og Norlandair. Önnur flugfélög sem nýttu þjónustu á innanlandsflugvöllum félagsins voru Mýflug, Atlantsflug og Norðurflug. Vesturflug/Blue West og Helo reka þyrluþjónustu á flugvöllum félagsins.


Flugfélag Íslands flýgur frá Reykjavík til nokkurra staða á Grænlandi og Atlantic Airways til Færeyja. Þá eru Flugskóli Íslands og Flugfélagið Geirfugl með starfsemi á Reykjavíkurflugvelli. BIRK Flight Services og Flugfélag Íslands sjá um flugafgreiðsluþjónustu á Reykjavíkurflugvelli.

Á Akureyrarflugvelli sinnir Norlandair reglulegu áætlunarflugi innanlands og áætlunar- og leiguflugi til Grænlands, auk þess sem ferðaskrifstofur á svæðinu bjóða upp á beinar ferðir frá Akureyri til nokkurra áfangastaða erlendis. Circle Air sinnir leigu- og útsýnisflugi frá flugvellinum. Icelandair hefur flogið milli Akureyrar- og Keflavíkurflugvallar í tengslum við helstu áfangastaði félagsins í Evrópu og Norður-Ameríku, en Flugfélag Íslands hefur tekið við því flugi. Þá er flugkennsla starfrækt á vegum Flugskóla Akureyrar. Flugfélag Íslands og South Air sjá um flugafgreiðsluþjónustu á Akureyrarflugvelli.


Á Egilsstaðaflugvelli bauð ferðaskrifstofan Discover the World upp á beint flug til London síðastliðið sumar. Flugfélag Íslands sinnir flugafgreiðsluþjónustu á flugvellinum.

Stærstu viðskiptavinir flugleiðsögubjónustu Isavia eru Icelandair, WOW Air, United Airlines, Emirates, Delta, SAS, Lufthansa, British Airways, Air Canada og Qatar Airways. Þessi flugfélög fljúga flesta kílómetra innan íslenska flugstjórnarsvæðisins. Íslensku félögin eru umsvifamest á Keflavíkurflugvelli og nýta þar flugleiðsögubjónustu.

Áframhald hefur verið á fjölgun viðskiptavina á Keflavíkurflugvelli. Samarið 2016 flugu 25 flugfélög þaðan til yfir 80 áfangastaða. Tíu flugfélög flugu árið um kring til og frá Íslandi árið 2016; Icelandair, WOW air, Wizz Air, Air Berlin, Delta, Norwegian, easyJet, SAS, British Airways og Vueling.



Farþegahreyfingar í milljónum farþega



Flughreyfingar í þúsundum hreyfinga

Fjórir flugafgreiðsluaðilar starfa á Keflavíkurflugvelli en þeir eru IGS, Airport Associates, ACE Handling og South Air.

Fjölmarginir farþegar nýta sér Keflavíkurflugvöll sem tengi-flugvöll og bæði WOW air og Icelandair nýta flugvöllinn þannig á leið milli Evrópu og Norður-Ameríku. Lágmarkstengtími fyrir farþega á Keflavíkurflugvelli eru 25 mínútur.

Isavia hefur með aðstoð hvatakerfis orðið allvel ágengt við að fá flugfélög til þess að fljúga til Íslands yfir vetrartímann og þannig tekist að jafna álag yfir árið. Félagið hefur einnig markaðssett afgreiðslutíma utan mestu álagstíma á hverjum sólarhring með það að markmiði að nýta betur þá fjárfestingu sem er til staðar á Keflavíkurflugvelli.


Flugtölur

Farþegahreyfingar um flugvelli Isavia í heild voru 7,6 milljónir árið 2016, en það var 36% aukning frá árinu 2015. Millilanda-farþegum fjölgaði úr tæpum 4,9 milljónum í tæplega 6,9 milljónir, eða um 40% milli ára. Mest var fjölgunin á Keflavíkurflugvelli og hefur hún aldrei verið meiri á einu ári. Innanlands-farþegum fjölgaði á sama tíma úr tæpum 693 þúsund í rétt rúm 749 þúsund, eða um 8,2%.


Flughreyfingar á flugvöllum Isavia voru rétt tæplega 173 þúsund árið 2016. Það var um 2% fækkun hreyfinga frá árinu áður sem skýrist að hluta til vegna notkunar stærri flugvéla í innanlandsflugi. Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum voru tæplega 55 þúsund og var það aukning um tæp 27%. Fyrir utan aukningu á Keflavíkurflugvelli varð aukning á Akureyri og Egilsstöðum. Flughreyfingar innanlands á áætlunarflugvöllum voru rúmlega 118 þúsund sem var um 11% samdráttur milli ára vegna stækkunar flugvéla eins og áður var nefnt.

Alls voru tæplega 52 þúsund tonn af vörum flutt um flugvöllina árið 2016 og var það rúmlega 11% aukning frá fyrra ári. Vöruflutningar milli landa voru rétt tæplega 50 þúsund tonn árið 2016 en það var rétt tæplega 11% aukning milli ára. Vöruflutningar innanlands voru tæplega 1.800 tonn árið 2016 sem var rétt rúmlega 11% aukning frá árinu 2015.


Nærri 166 þúsund flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið og var það aukning um 13,5% frá árinu 2015. Alls voru flognir tæplega 235 milljón kílómetrar í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu árið 2016.



Vöruflutningar í tonnum



Fjöldi ferða um flugstjórnarsvæðið í þúsundum



1

#WHENINKEF

1. Keflavíkurflugvöllur bætti þjónustu fyrir hjólréiðafólk,
2. Innþökkunarstöð fyrir viðskiptavinum á verslunarsvæði Keflavíkurflugvallar.
3. Settur var upp varamannabekkur á meðan EM stóð.
4. Jónsi tróð óvænt upp fyrir farþega sem allir fengu páskaegg.
5. Creative Take Off var innlegg Keflavíkurflugvallar í Hönnunarmars árið 2016. Valdir íslenskir hönnuðir fengu tækifæri til að koma vörum sínum á framfæri.




2



3



4



5

FARÞEGA- OG UMFERÐARSPÁR



Isavia vinnur farþegaspár að lágmarki einu sinni á ári fyrir kjarnastarfsemi félagsins. Spá þær fyrir um farþega-fjölda á innanlandsflugvöllum og Keflavíkurflugvelli auk þess sem mat er lagt á umferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Á innanlandsvöllum er gerð spá einu sinni á ári í lok hvers árs. Byggist hún á upplýsingum sem fást hjá stærstu notendum flugvallanna og er notuð í tengslum við rekstraráætlun og gerð gjaldskrár.

„ISAVIA LEGGUR ÁHERSLU Á AÐ DEILA UPPLÝSINGUM SEM FÉLAGIÐ TEKUR SAMAN MEÐ FERÐAÞJÓNUSTA- AÐILUM, GREININGARAÐILUM OG ALMENNINGI OG HELDUR TIL ÞESS OPNA FUNDI“

Isavia metur umferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu í samræmi við upplýsingar frá vinnuhópi sem nefnist Economic Financial Forecasting Group (EFFG). Eiga allir þjónustuveitendur og fulltrúar samtaka notenda þjónustunnar á Norður-Atlantshafi aðild að vinnuhópnum og gerir hann spár um flugumferð yfir Norður-Atlantshafi.

Isavia vinnur farþegaspá fyrir Keflavíkurflugvöll í lok hvers árs fyrir árið á eftir. Spáin er unnin út frá upplýsingum um

afgreiðslutíma sem flugfélög hafa tryggt sér í komandi sumar- og vetraráætlun. Mjög gott samstarf er við stærstu félögin um upplýsingar um vænt sætaframboð. Isavia leggur áherslu á að deila upplýsingum sem félagið tekur saman með ferðaþjónustuaðilum, greiningaraðilum og almenningi og heldur til þess opna fundi.

Í farþegaspá fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að farþegahreyfingum fjölgi um 28,3% á Keflavíkurflugvelli, úr 6,8 milljónum í 8,75 milljónum, eða um tvær milljónir á milli ára. Skipting farþega hefur undanfarin ár verið nokkuð jöfn í þrjá hluta, komufarþega, brottfararfarþega og skiptifarþega sem einungis millilenda á flugvöllum. Gert er ráð fyrir breytingu á því árið 2017 og að skiptifarþegar verði í fyrsta sinn fleiri en komu- eða brottfararfarþegar. Gangi áætlanir flugfélaganna Icelandair og WOW air eftir getur hlutfall skiptifarþega af heildarfarþegafjölda orðið rúm 46% í lok árs 2040.

MANNAUÐUR

Í LOK DESEMBER 2016 STÖRFUÐU 1.081 MANNS HJÁ MÓÐURFÉLAGI ISAVIA, Þ.E. ÁN DÓTTURFÉLAGA. ÞAR AF VORU 68% KARLAR OG 32% KONUR. MEÐALLÍFALDUR STARFSFÓLKIS ER 41 ÁR OG MEÐALSTARFSALDUR 7,86 ÁR.

Starfsmannavelta á árinu 2016 var 8,84%. Starfsmannaveltan er nokkuð misjöfn á milli deilda og sviða en mest var hún á rekstrarsviði Keflavíkurflugvallar og minnst á fjármálasviði og hjá mannauði og árangri. Alls voru 252 sumarstarfsmenn ráðnir til félagsins sumarið 2016. Flestir í flugverndardeild á Keflavíkurflugvelli, 75%, en aðrir í deildum félagsins um allt land.

Allir stjórnendur Isavia eru frá nærsamfélagi fyrirtækisins sem er skilgreint sem Ísland í heild sinni.


Fræðsla

Félagið stendur fyrir umfangsmiklu og metnaðarfullu fræðslu- starfi með það að markmiði að byggja upp þekkingu og færni starfsfólks í samræmi við stefnu og gildi félagsins. Skipta má fræðslustarfinu upp í tvo flokka, sérhæfða og almenna fræðslu.


Sérstaða félagsins felst í því að meirihluti starfsfólks hlýtur grunnþjálfun hjá félaginu. Fræðslan er sérhæfð og ætlað að tryggja viðeigandi þjálfun starfsmannahópa sem þurfa sérstök réttindi eða sérstæka hæfni, t.d. á sviði flugleiðsögu, flugverndar og flugvallarþjónustu. Þjálfunaráætlanir fyrir þessa hópa eru samþykktar af Samgöngustofu, enda strangar reglur sem gilda um rekstur alþjóðflugvallar.

Þjálfunardeild á flugleiðsögusviði sér m.a. um þjálfun flugumferðarstjóra, flugradíómanna, flugfjarskiptamanna og fluggagnafræðinga. Gert hefur verið samkomulag við Veðurstofuna um veðurfræðikennslu fyrir félagið að því undanskildu að veðurfræðingur félagsins sér um veðurfræðikennslu fyrir flugradíómenn.

Flugvallarbraut Isavia hefur það að markmiði að tryggja að starfsmenn hafi öðlast hæfni til að sinna margskonar flugvallarþjónustu.




Lífaldur starfsfólks



Starfsfólk á hverju sviði

Hlutfall af heildarstarfsmannafjölda



Starfsaldur í árum

Flugverndarbraut hefur það að markmiði að tryggja að starfsmenn hafi öðlast hæfni til að sinna flugverndarstörfum.

Fyrir aðra hópa er reglubundin þjálfun og endurmenntun hluti af daglegum störfum og starfsmenn hvattir til að sækja námskeið og aðra tengda menntun. Félagið leitast sífellt við að veita fræðslu sem eflir starfsfólk bæði faglega og persónulega.

Kennsluáferðir Isavia eru í stöðugri þróun og er mikið notast við upplýsingatækni s.s. Moodle námsvef. Síðustu árin hefur í auknum mæli verið boðið upp á blandað nám þar sem bókleg kennsla fer fram á fjarnámsvef en verkleg kennsla á starfsstöð.

Vinumarkaðurinn

Isavia starfar á almennum vinnumarkaði og fylgir almennum kjarasamningum sem Samtök atvinnulífsins hafa gert fyrir hönd félagsins við fjölmörg stéttarfélög. Sérstakir kjarasamningar eru við Landssamband slökkviliðsmanna (LSS), Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), Stéttarfélag í almenningsspágu (SFR) og Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF).

„MARKMIÐ JAFNRÉTTISÁÆTLUNAR ERU AÐ ÖLL STÖRF SÉU AÐGENGILEG BÁÐUM KYNJUM, AÐ GÆTT SÉ AÐ SAMRÆMI FJÖLSKYLDULÍFS OG VINNU ...“

Gerðir eru skriflegir ráðningarsamningar við alla starfsmenn þar sem tilgreind eru laun, vinnutími og önnur réttindi og skyldur. Allir starfsmenn njóta líkamsræktarstyrkja og lögboðinna slysatrygginga, foreldra- og fæðingarorlofs. Veikindaréttindi eru tengd viðkomandi kjarasamningi.

Fjarvera vegna veikinda var 4,9% af öllum unnum tímum árið 2016, en starfstengdir sjúkdómar eru ekki skráðir sérstaklega hjá Isavia.

Félagið fylgir lögum og reglum um vinnuvernd, mannréttindi og barnaþrælkun. Fyrirtækið ræður ekki starfsfólk undir 18 ára aldri og greiðir öll opinber gjöld. Engin svört vinna er í boði hjá félaginu.

Isavia hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun sem snýr að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Stefnan er aðgengileg öllum starfsmönnum á innri vef fyrirtækisins og er jafnframt kynnt nýjum starfsmönnum í nýliðakynningu sem allir nýir starfsmenn hljóta.

Engar formlegar tilkynningar eða ábendingar bárust á árinu 2016 um brot á jafnrétti, einelti eða áreitni.

Uppsagnarfræstur starfsmanna er samkvæmt viðeigandi kjarasamningi en ólíkur eftir starfs- og lífaldri. Uppsagnarfræstur er gagnkvæmur og eru allar uppsagnir skriflegar.

Jafnrétti

Jafnréttisáætlun Isavia hefur þann megingilgang að tryggja fyllsta jafnrétti milli kvenna og karla á vinnustað og nýta hæfni, kraft og kunnáttu starfsmanna til fulls án kynbundinnar mismununar. Markmið jafnréttisáætlunar eru að öll störf séu aðgengileg báðum kynjum, að gætt sé að samræmi fjölskyldulífs og vinnu, að komið verði í veg fyrir

einelti og kynferðislega áreitni, kynjahlutföll verði jöfnuð í stjórnunarstöðum og jafnréttis sé gætt við ákvörðun um laun. Í atvinnu-auglýsingum er ávallt lögð áhersla á að hvetja bæði kyn til að sækja um öll störf.

Jafnréttisáætlun Isavia er aðgengileg öllum starfsmönnum á innri vef félagsins og er kynnt nýjum starfsmönnum í nýliðakynningu. Jafnréttisfulltrúi fylgir markmiðum og áætlun félagsins í jafnréttismálum eftir og er ráðgefandi fyrir stjórnendur og starfsmenn. Niðurstöður úttektar á árangri í jafnréttismálum er kynntar stjórn árlega.


Isavia hlaut gullmerki jafnlaunaúttektar PwC árið 2016, annað árið í röð. Úttektin staðfestir að launajafnrétti ríki hjá félaginu og launamunur sé innan við 3,5% milli kynja. Félagið hefur lagt ríka áherslu á jöfn laun karla og kvenna sem skilað hefur árangri.

Allir starfsmenn eiga rétt á greiðslum úr fæðingarorlofsjóði að lögum. Alls fóru 55 starfsmenn í fæðingarorlof árið 2016, 24 konur og 31 karlmaður. Allir sneru aftur til vinnu eftir að töku fæðingarorlofs lauk.

Kynjaskiptingin er mjög mismunandi eftir starfssviðum félagsins. Jöfnust er hún á viðskiptasviði Keflavíkurflugvallar og þróunar- og stjórnunarsviði. Á öðrum sviðum eru karlmenn í miklum meirihluta en unnið er að því að fjölga konum. Breytt skipan grunnnáms flugumferðarstjóra hefur þegar skilað hærra hlutfalli kvenna inn í námið og væntingar eru um að það aukist enn frekar.

Vinnuvernd

Hjá Isavia starfar öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar vinnuverndarmál starfsmanna. Ef slys verður sér vinnuverndarfulltrúi um að skrá og greina atvikið og leggur til úrbætur á aðbúnaði eða verklagi svo koma megi í veg fyrir endurtekningu. Árið 2016 var bætt við starfsmanni sem vinnur að bættu öryggi á starfsstöðvum félagsins.



Kynjaskipting á mismunandi sviðum

	Karl	Kona	Samt.	Meðalaldur
Framkv.stj. og aðstoðarframkv.stjórar	8	3	11	49
Deildarstjórar	16	9	25	51
Aðrir stjórnendur	47	7	54	48
Samtals	71	19	90	

Kynjaskipting stjórnenda hjá félaginu



Isavia hlaut gullmerki PwC 2016 fyrir launa-
jöfnuð annað árið í röð.

Tilkynningum um vinnuslys hefur fjölgað milli ára með auknum umsvifum og fjölgun starfsfólks. Samtímis hefur skráning slysa og eftirfylgni verið bætt og kann það e.t.v. að skýra hluta af fjölguninni. Á síðasta ári voru 39 vinnuslys tilkynnt, en engin þeirra töldust meiri háttar.

Sérstakt áhættumat hefur verið gert á vinnu-
aðstæðum og áætlun liggur fyrir um heilsuvernd,
m.a. í samstarfi við Vinnuvernd. Starfsmenn geta
leitað til þjónustuvers Vinnuverndar og fengið
ráðleggingar vegna eigin veikinda eða fjölskyldu-
meðlima og einnig er hjúkrunarfræðingur Vinnu-
verndar reglulega til viðtals á stærstu starfs-
stöðvum félagsins.

Isavia hvetur og styrkir starfsfólk til að stunda
reglubundna líkamsrækt og lifa heilbrigðu lífi.
Félagið býður fastráðnum starfsmönnum annars

vegar að mæta og skrá komur sínar í ákveðnar
heilsuræktarstöðvar eða fá styrk fyrir líkams-
ræktariðkun að upphæð kr. 25.000 á ári. Sumar-
starfsmönnum býðst að mæta og skrá komu
í heilsuræktarstöðvar á sama hátt og fastráðnum
starfsmönnum.

Starfslok

Hjá almennum starfsmanni miðast starfslok við
lok þess mánaðar sem hann nær 70 ára aldri en
félagsmenn Félags íslenskra flugumferðarstjóra
ljúka störfum við 63 ára aldur. Fyrirtækið býður
upp á starfslokánámskeið fyrir þá sem nálgast
starfslokaaldur og er mökum boðið með. Námskeiðið
er vettvangur fyrir gagnlegar upplýsingar og
umfjöllun um kaflaskipti á starfsævinni og
ánægjuleg samverustund með vinnufélögum,
mökum eða vinum og fulltrúum félagsins. Árið 2015
sóttu 10 starfsmenn slíkt námskeið.



ISAVIA OG UMHVERFIÐ

- 46 — AÐGERÐIR
Í LOFTSLAGSMÁLUM
- 48 — EFNISNOTKUN
- 48 — ORKA
- 48 — VATN
- 49 — LÍFFRÆÐILEG
FJÖLBREYTNÍ
- 52 — LOSUN
- 52 — LOFTGÆÐI
- 53 — FRÁRENNSLI
- 53 — ÚRGANGUR
- 54 — HLJÓÐVIST
- 55 — AFÍSINGAREFNI

Umhverfisstefnu félagsins má finna á heimasíðu Isavia ásamt ítarlegum upplýsingum um starf félagsins í umhverfismálum. Hér verður fjallað um helstu verkefni sem unnið var að árið 2016.

AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



Isavia tók ákvörðun um að stuðla að kolefnisjöfnun í fyrirtækinu. Ákveðið var að hefja vinnuna á langstærstu starfsstöð félagsins, Keflavíkurflugvelli. Alþjóðasamtök flugvalla (ACI) standa að kerfi sem miðar að því að minnka kolefnislosun á flugvöllum. Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í þessu starfi og lauk á árinu 2016 fyrsta skrefi af þremur í kolefnisvottun flugvallarins. Með því hefur kolefnisspor starfseminnar og umhverfisáhrif

á nærumhverfið verið greind. Hafin er vinna við annað skref vottunarinnar sem stefnt er að því að ljúka árið 2017. Þar þarf flugvöllurinn að leggja fram aðgerðaáætlun um minnkun kolefnislosunar frá starfseminni. Helst það vel í hendur við yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum á vegum Reykjavíkurborgar og Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirækja, sem forstjóri Isavia skrifaði undir í nóvember 2015.

UMHVERFIS-STJÓRNUN

Vinna við vottun valinna flugvalla í samræmi við staðalinn ISO 14001 er komin vel á veg. Gerðar hafa verið umhverfisúttektir á flugvöllum í Keflavík, Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Einnig hefur úttekt verið gerð á flugfjarskiptastöðinni í Gufunesi. Í úttektum eru mikilvægir umhverfisþættir í starfseminni skilgreindir og áhrif þeirra á umhverfið metin. Í kjölfarið verður svo sett fram aðgerðaáætlun sem tryggja á stöðuga vöktun og stýringu viðkomandi umhverfisþátta.

GRÆN SKREF

Isavia er þátttakandi í verkefni Grænum skrefum á vegum Umhverfisstofnunar. Verkefnið snýst um að gera starfsemi félagsins umhverfisvænni, auka vellíðan starfsmanna, bæta starfsumhverfi þeirra og draga úr rekstrarkostnaði.

Til að búa til jákvætt andrúmsloft í kringum verkefnið var blásið til keppni milli starfsstöðva um að uppfylla hin grænu skref sem Isavia tekur þátt í. Fyrstu þremur verðlaununum fyrir árangur hefur verið úthlutað en nokkrar starfsstöðvar hafa lokið við fyrsta skref, ein við annað skref og ein starfsstöð hefur tekið þrjú græn skref.

GRÆNÁS STUÐLAR AÐ ENDUR- NÝTINGU

Í vörugeymslu félagsins við Grænás í Reykjanesbæ er tekið við húsbúnaði og nýtilegu byggingaefni sem fellur til við breytingar á starfsstöðvum fyrirtækisins. Búnaður er endurnýttur eins og hægt er í starfsstöðvum fyrirtækisins og það sem ekki er hægt að nýta þar er gefið þriðja aðila eða fargað. Framtíkið er hluti af grænu skrefunum sem Isavia innleiðir og hefur sparað félaginu tugi milljóna á hverju ári.

EFNISNOTKUN

Stór hluti af starfsemi félagsins er háður eldsneytisnotkun. Stærsta hlutann má rekja til þjónustu og viðhalds á flugbrautum og athafnasvæðum flugvalla. Umfang starfseminnar fer gjarnan eftir veðráttu og er óháð farþegafjölda. Miklar sveiflur geta orðið milli ára ef sinna þarf vetrarþjónustu marga daga á ári þar sem þau tæki eru orkufrekust.

	2015	2016
Bensín	45.665 l	47.131 l
Dísil	751.722 l	714.574 l
Steinolía	25.000 l	45.574 l
Metan	198 l	27 l
Lítrar á hvern farþega	1,48 l	1,06 l



ORKA

Starfsemi Isavia er umfangsmikil og tugir þúsunda farþega nýta sér aðstöðu félagsins daglega. Á síðasta ári samsvaraði raforkunotkun félagsins notkun rúmlega 4.500 heimila, eða 22.843.018 kílóvatstundir. Notkun á heitu vatni samsvaraði ársnotkun um 3.800 heimila, eða 587.874 rúmmetrar. Hefur sú notkun dregist töluvert saman á milli ára, eða um 200.000 rúmmetra. Var það fyrst og fremst á Keflavíkurflugvelli þar sem betra árferði hefur haft jákvæð áhrif.

VATN

Ferskvatn er sótt í veitur sveitarfélaga sem félagið hefur starfsemi í.

Grunnvatnsrannsóknir fóru fram á Keflavíkurflugvelli haustið 2016 og voru sýni tekin úr átta brunnnum víðsvegar um flugvallarsvæðið.

Á Keflavíkurflugvelli eru tvær settjarnir sem hafa það hlutverk að safna yfirborðsvatni, hægja á rennsli þess

og hreinsa. Hreinsunin er á þann veg að mengandi efni fljóta upp, falla til botns eða síast frá við rennsli í gegnum jarðveg. Að auki geta örverur og jarðvegsdýr í jarðvegi stuðlað að niðurbroti efna og gróður sem vex við og í tjörnnum getur tekið þau upp.



LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

MIKILVÆGUR HLUTI AF REKSTRI FLUGVALLA ER MARGSKONAR ÖRYGGISVIÐBÚNAÐUR, ÞAR MEÐ TALID AÐ MINNKA LÍKUR Á ÁREKSTRI DÝRA OG FLUGVÉLA. VEL ER ÞVÍ FYLGST MEÐ DÝRALÍFI Á FLUGVALLARSVÆÐUM OG ÞEIM HALDIÐ FRÁ T.D. MEÐ FÆLINGU OG STJÓRNUN BÚSVÆÐA.

hafi þurft hreindýrum, refum og kanínum frá flugvallarsvæði. Listi yfir tegundir sem skráðar hafa verið á flugvallarsvæði, flokkaðar eftir stöðu á valista IUCN RED og verndunarstöðu hérlandis, má sjá á vef félagsins isavia.is/um-isavia/ umhverfisstefna-isavia. Vert er þó að hafa í huga að þetta

eru þær dýrategundir sem fældar hafa verið af flugvallarsvæði, en ekki allar tegundir sem eiga búsvæði þar.

Þó að Miðnesheiðin sé með stærri varplöndum sílamáfs er þar ekkert verndarsvæði. Mófuglar hafa einnig sótt töluvert í flugvallarsvæðið og gerðar hafa verið tilraunir til að minnka ásókn þeirra tegunda, m.a. með því að breyta gróðurfari með plöntun lúpínu og dreifingu lífræns áburðar og sáningu.

Refur er eina villta landdýrið á og við flugvöllinn. Undanfarin ár hefur honum fækkað verulega og þykir nánast undantekning að til hans sjáist. Þó varð vart við fleiri refi árið 2016 en oft áður. Langstærstur hluti fugla við flugvallarsvæðið eru farfuglar en rjúpa hefur þar búsvæði í litlum mæli.

Á síðasta ári voru skráðir 43 mögulegir árekstrar fugla og flugfara á flugvöllum félagsins.

Fælingaraðgerðir eru mestar á alþjóðavöllum fjórum, Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Keflavík, enda á öllum stöðunum stutt í uppvaxtarsvæði fugla. Heildarlandssvæði innan flugvallagirðinga er yfir 30 ferkílómetrar og því ekki óeðlilegt að fuglar og önnur dýr sæki þar inn.

Fjölbreytileiki dýralífs og gróðurfari er þó misjafnt milli flugvalla en mikil áhersla hefur verið lögð á skráningu fælingar og þróunar dýralífs á hverjum flugvelli. Fælingarúrræði hafa vissulega áhrif á dýralífið en þau snúast um að öryggi flugfara og farþega sé tryggt, og eru því órjúfanlegur þáttur í flugsamgöngum.

Skráning á villtum dýrum hefur verið stunduð árum saman en þó misítarlega eftir flugvöllum. Ásókn dýra er líka mjög misjöfn eftir stöðum. Aðallega er um að ræða fugla en þó má sjá dæmi um að bægja





Flugvöllurinn í Vestmannaeyjum
63° 25' 30.2844" N
20° 16' 8.7204" W




LOSUN

Beina losun gróðurhúsalofttegunda við starfsemi félagsins má rekja til eldsneytisnotkunar í rekstrinum. Losun minnkaði úr 2.599 tonnum í 2.550 tonn CO₂e., þ.e.um 49 tonn milli árána 2015-2016. Samsvarar það um 0,34 kg á hvern farþega sem fór um flugvelli félagsins.

Lítil sem engin óbein losun gróðurhúsalofttegunda verður við orkunotkun Isavia. Öll orka kemur annaðhvort frá fjarvarmaveitum (jarðvarma) eða vatnsaflsvirkjunum. Í báðum tilfellum er um að ræða endurnýjanlega orkugjafa sem valda engri eða mjög lítilli losun gróðurhúsalofttegunda. Óbein losun vegna hita og rafmagns er því lítil sé horft til framleiðslu rafmagns með öðrum leiðum. Óbein losun við raforkunotkun árið 2016 var u.þ.b. 260 tonn af CO₂.

Sorpurðun telst til annarrar óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda en árið 2016 fóru 1.222.277 kg af óflokkuðum úrgangi til urðunar. Mat á losun kolefnis við urðun á sorpi frá Isavia árið 2016 voru 709 tonn af CO₂.

Félagið hefur sett markmið til ársins 2020 um að losun gróðurhúsalofttegunda hafi þá lækkað um 10% á hvern farþega miðað við árið 2015 og um 29% árið 2030. Árið 2015 var losun gróðurhúsalofttegunda 0,60 kg CO₂ ígilda, en árið 2016 var losunin 0,46 kg CO₂ ígilda, eða 24,5% lækkun sem uppfyllir markmið félagsins mun fyrr en áætlað var. Við útreikninga er tekið tillit til losunar CO₂ við brennslu jarðefnaeldsneytis, framleiðslu raforku og urðunar sorps. Árið 2016 var ákveðið að hefja rafbílavæðingu hjá Isavia.



Eldsneytisnotkun

— CO₂ losun (t CO₂e) í tonnum

LOFTGÆÐI

Isavia hóf að meta loftgæði á flugvöllum sínum árið 2016. Verkfræðistofan Efla vann skýrslu í samstarfi við Háskólann í Aveiro í Portúgal um loftgæði við starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Var annars vegar reiknuð út mengun miðað við umferð um flugvöllinn árið 2015 og hins vegar gerð áætlun fyrir árið 2025. Niðurstaða skýrslunnar var að styrkleiki allra mengunarefna reyndist innan þeirra marka sem sett eru í kröfum um loftgæði í reglugerð nr. 251/2002 bæði fyrir árið 2015 og 2025. Þess má auk þess geta að lítil sem engin losun ósoneyðandi efna verður við starfsemi félagsins.

Isavia hefur innleitt svonefnda ADS-B tækni í flugleiðsögu sem gefur stóruækna nákvæmni í staðsetningu flugvéla sem fljúga á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Með henni er hægt að minnka aðskilnað milli flugvéla í þeim hluta flugstjórnarsvæðisins þar sem umferð er þyngst hverju sinni sökum hagstæðra veðurskilyrða. Minnkar með því eldsneytiseyðsla og útblástur gróðurhúsalofttegunda umtalsvert. Nýja flugleiðsögutæknin stuðlar því í senn að auknu öryggi, minnkuðum umhverfisáhrifum og sparnaði hjá flugfélögum. Innleiðing er hafin á fjarskiptabúnaði í gervihnöttum sem gerir kleift að ná einnig betri árangri í öðrum hlutum flugstjórnarsvæðisins.



FRÁRENNSLI

Isavia hefur undanfarin ár bætt fráveitulagnir á alþjóðaflugvöllunum sem jafnan tengjast fráveitukerfum viðkomandi sveitarfélaga. Árið 2016 var unnið að endurbótum á fráveitulögn frá vesturhluta Keflavíkurflugvallar sem fer í sjó fram. Reist var dælu- og hreinsistöð við Djúpavík sunnan Stafness í Sandgerðisbæ og ný og lengri útrás lögð í sjó fram. Er stefnt að því að verkinu ljúki næsta sumar. Fráveitur frá austurhluta svæðisins tengjast dælu- og hreinsistöð á Fitjum í Reykjanesbæ.

ÚRGANGUR

Sorpflokkun er mjög mismunandi eftir starfsstöðvum. Algengast er að aðskilja pappír, skilagjaldsskyldar umbúðir, plast og almennt sorp. Nokkrar starfsstöðvar eru þó komnar lengra á veg og aðskilja einnig lífrænan úrgang. Spilliefni eru flokkuð sér á öllum starfsstöðvum, lögum samkvæmt.

	Hlutfall	Kg	Kg á farþega
Flokkað í endurvinnslu	14%	205.858	0,03
Óflokkað í urðun	86%	1.222.277	0,16
Samtals	100%	1.428.135	0,19

Erfiðast hefur verið að flokka sorp á Keflavíkurflugvelli þar sem skort hefur aðstöðu og það hefur reynst erfitt að samræma við tollareglur. Þó horfir til betri vegar með aðstöðu fyrir sorpflokkun sem reist var í tengslum við stækkun flugstöðvarinnar og tekin í notkun laust fyrir áramótin.

Hluti af loftslagsmarkmiðum Isavia er að minnka magn óflokkaðs úrgangs í starfseminni, enda mikil sóknarfæri þar.

HLJÓÐVIST



Hljóð frá flugvélum og öðrum samgöngutækjum getur haft áhrif á nærumhverfið og valdið óþægindum. Ábendingar um hávaða berast stundum frá íbúum í Reykjavík og á Suðurnesjum. Isavia leitast við að lágmarka slík óþægindi, m.a. með hönnun aðflugsferla sem valda sem minnstri hljóðmengun. Stundum eykst hljóðmengun tímabundið vegna vinnu á flugvöllum eða vegna sérstakra gerða flugvéla sem nýta sér aðstöðu flugvallanna.

Á Reykjavíkurflugvelli eru reglulega gerðar greiningar á hljóðstigi vegna flugumferðar og alltaf í tengslum við endurnýjun starfsleyfis fyrir völlinn. Niðurstaða greininga undanfarin ár hafa sýnt að hávaði vegna flugumferðar er undir settum viðmiðunarmörkum og einungis tvær athugasemdir komu fram vegna hljóðvistar á síðasta ári. Einnig hefur verið gripið til fjölmargra aðgerða til að minnka hljóðmengun við flugvöllinn og m.a. er hann lokaður á nóttunni og flugferlum hefur margoft verið breytt til að bæta hljóðvist við flugvöllinn.

Á Keflavíkurflugvelli breyttist hljóðspor um hríð vegna þess að aðeins ein flugbraut, austur-vestur brautin, var í notkun þegar endurnýjunarframkvæmdir stóðu yfir á álagstíma sumarið 2016. Hljóðmengun lagðist því á ákveðin íbúðahverfi, aðallega í Reykjanesbæ. Unnið hefur verið að breytingu flugferla til að minnka hljóðmengun en hluta hljóðmengunar má rekja til almennt aukinnar umferðar um flugvöllinn.

Unnið er að uppsetningu nýrra hávaðamæla í grennd við Keflavíkurflugvöll og verða mæligildi aðgengileg almenningi í rauntíma á netinu. Einn hljóðmælir er þegar í notkun og hefur safnað nokkru af gögnum sem notuð eru til þess að meta hljóðstig. Mælingarnar eru grundvöllur þess að hægt verði að sýna notendum og íbúum fram á áhrif breytinga.

„MÆLINGARNAR ERU GRUNDVÖLLUR ÞESS AÐ HÆGT VERÐI AÐ SÝNA NOTENDUM OG ÍBÚUM FRAM Á ÁHRIF BREYTINGA“

Á síðasta ári voru skráðar 15 athugasemdir vegna hljóðvistar á Keflavíkurflugvelli, bæði frá íbúum og einnig frá flugmönnum sem voru ósáttir við að fá ekki að fljúga yfir byggðina. Það er fækkun frá árinu á undan. Með endurbótum er vonast til að athugasemdum fækki enn frekar. Ein kæra er í ferli vegna niðurstöðu Umhverfisstofnunar um að nýjar flýtireinar á flugvöllinum þyrftu ekki að fara í umhverfismat.

AFÍsingarefni



	Notkun
Clearway F1 í lítrum	54.300
Clearway SF3 í tonnum	27

Isavia notar afísingarvökva af gerðinni Clearway F1 ásamt Clearway SF3-afísingarkorni á flugbrautir og önnur afhafna-svæði flugvéla. Afísingarkornið samanstendur af natríum formati og ber umhverfismerkið „Bláa engilinn“. Efnið er lífbrjótanlegt og hefur lítil eitrunaráhrif á vatnsbúskap og uppfyllir allar tilskildar umhverfis- og vistfræðikröfur. Hið sama á við um afísingarvökvann sem byggir á kalíum formati. Mjög lítið er notað af afísingarefnum á flugbrautir innanlandsflugvalla, aðeins lítillega á Akureyri (2.000 l árið 2016). Annars er notast við sand.



EFNAHAGUR ISAVIA

- 58 — STÓRIÐJA
Í STÖÐUGUM VEXTI
- 60 — LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI
- 62 — GRI YFIRLIT
- 74 — SKÝRSLA STJÓRNAR
- 76 — ÁRITUN ÓHÁÐS
ENDURSKOÐANDA
- 78 — SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR
ISAVIA

Efnahagur félagsins hefur styrkst umtalsvert á allra síðustu árum samhliða auknum umsvifum sem eru mikilvæg forsenda þess að félagið geti staðið undir aukinni skuldsetningu sem fylgir nauðsynlegri uppbyggingu sem fram undan er. Ráðist hefur verið í umfangsmiklar og fjárfrekar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli undanfarin ár til þess að bregðast við mikilli umferðaraukningu

Árin 2013–2016 var fjárfest fyrir um 28,4 milljarða króna í mannvirkjagerð og endurbótum og áætlanir félagsins gera ráð fyrir tuga milljarða fjárfestingum á komandi árum.

Hlutfall innlendra birgja er 87% og erlendra 13% en ekki er skráð hverjir hafa aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins.



STÓRIÐJA Í STÖÐUGUM VEXTI



Keflavíkflugvöllur
árið 1954

Vel hefur tekist til hjá Isavia, stjórnvöldum, flugfélögum og öðrum hagsmunaaðilum að kynna Keflavíkflugvöll sem áfangastað, sérstaklega utan háannatíma. Farþegum utan háannar hefur fjölgað hlutfallslega miklu hraðar en á háönn. Ákvörðun íslensku flugfélaganna um að bæta breiðþotum við flota sinn hefur haft umtalsverð áhrif á rekstur flugvallarins. Ráðast varð í stækkun og breytingar, m.a. á farangursflokunarkerfi sem og flæði farþega en óhætt er að segja að vel hafi tekist til þótt naumur tími hafi gefist til framkvæmda.


vandað verði til verka við þau stækkunaráform á Keflavíkflugvelli sem nauðsynleg eru til að flugvöllurinn geti staðið undir vaxandi farþegafjölda á komandi árum.

Uppbygging flugvallarins hefur alla burði til að vera arðbær, bæði þegar horft er til reksturs flugvallarins sjálfs og fyrir þjóðarbúið allt. Þó er mikilvægt að huga að þensluáhrifum framkvæmda og gæta þess að uppbyggingin haldist í hendur við skynsamlegar áætlanir um fjölgun farþega og tækifæri þar að lútandi.

„UPPBYGGING FLUGVALLARINS HEFUR ALLA BURÐI TIL AÐ VERA ARÐBÆR, BÆÐI ÞEGAR HORFT ER TIL REKSTURS FLUGVALLARINS SJÁLFS OG FYRIR ÞJÓÐARBÚIÐ ALLT“

Keflavíkflugvöllur er stærsta gátt ferðamanna inn í landið og er einn mikilvægasti einstaki þátturinn í innviðum ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að

Einnig er mikilvægt að aðrir innviðir vaxi í takt við stækkun flugstöðvarinnar, s.s. löggæsla, heilsugæsla, eftirlitsstofnanir og vegakerfið.





Þróunaráætlun
Keflavíkurflugvallar
gerir ráð fyrir mikilli
uppbyggingu til
ársins 2040.

Íslendingar eru mikil flugþjóð í samanburði við önnur Evrópulönd samkvæmt nýlegri rannsókn Alþjóðasamtaka flugvalla (ACI). Bein störf á flugvöllum miðað við höfðatölu eru einungis fleiri í Lúxemborg.

Beinum störfum hjá fyrirtækjum sem starfa á Keflavíkurflugvelli hefur fjölgað hratt samhliða auknum ferðamannafjölda. Fjöldi beinna starfa voru ríflega 5.600 árið 2016. Þar af urðu til ríflega 1.300 ný störf á árinu.

Miðað við mögulega þróun farþegafjölda er áætlað að árlega skapist 476 ný störf á flugvöllum. Störfin dreifast á mörg fyrirtæki sem hafa starfsemi á flugvöllum en um 40% tengjast íslenskum flugfélögum (flugmenn, flugliðar o.s.frv.). Önnur störf eru í margvíslegri þjónustu á flugvöllum. Nokkur fyrirtæki á flugvöllum hafa þurft að leita til útlanda eftir starfsfólki og ljóst er að flugvöllurinn mun í auknum mæli draga að sér vinnuafli af höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Er því mjög mikilvægt að efla samgöngur að svæðinu. Í lok árs 2016 voru um 3% af heildarfjölda starfa á Íslandi tengd starfsemi á Keflavíkurflugvelli.

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

Úr rekstrarreikningi	2016	2015	2014	2013	2012
Tekjur	33.008	26.013	22.079	19.810	18.397
EBITDA	8.857	6.008	4.906	4.470	3.823
EBIT	6.322	3.999	3.328	2.818	2.396
Fjármunatekjur/gjöld	2.304	-181	-605	1.200	-1.465
Hagnaður fyrir skatta	8.626	3.818	2.724	4.018	932
Heildarafkoma ársins	6.923	3.073	2.197	3.217	738

Úr efnahagsreikningi

Varanlegir rekstrarfjármunir	42.922	31.425	25.715	23.179	21.784
Eignir	59.229	45.187	40.849	34.511	33.390
Eigið fé	27.057	20.134	17.061	14.864	11.647
Vaxtaberandi skuldir	24.206	18.565	18.963	15.886	18.803
Veltufjárlutfall	1,49	1,30	1,91	1,24	1,26

Úr sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	6.151	6.326	4.628	4.032	3.535
Fjárfestingahreyfingar	-13.760	-5.747	-5.754	-2.966	-1.730
Fjármögnunarhreyfingar	8.798	67	2.857	-1.324	-1.362
Handbært fé í lok tímabils	5.831	4.994	4.491	2.730	3.026

Kennitölur



Framlegðarhlutfall rekstrar	27%	23%	22%	23%	21%
Hagnaðarhlutfall	21%	12%	10%	16%	4%
Veltuhraði eigna	0,63	0,60	0,59	0,58	0,56
Arðsemi eigin fjár	29%	17%	14%	24%	7%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár	1,24	0,55	0,39	0,58	0,13
Eiginfjárlutfall	46%	45%	42%	43%	35%
Meðalfjöldi starfa	1.215	1.017	914	848	790

2016

2015



Tekjur samstæðunnar

- Tekjur af flugvallabjónustu
- Fasteignatekjur
- Vörusala
- Tekjur vegna alþjóðaflugbjónustu
- Aðrar tekjur





Tekjur af flugvallabjónustu

- Þjónustusamningur við IRR
- Lendingagjöld
- Flugverndargjöld
- Farþegagjöld
- Önnur gjöld



Rekstrarkostnaður

- Kostnaðarverð seldra vara
- Laun og annar starfsmannakostnaður
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir



GRI YFIRLIT

Isavia gefur nú í fyrsta skipti út árs- og samfélags-skýrslu í samræmi við viðmiðunarreglur Global Reporting Initiative (GRI). Í skýrslunni er fjallað um hvernig félagið fylgir viðmiðum GRI G4 með víðtækari upplýsingagjöf (Comprehensive). Auk þess er fjallað um hvernig Isavia fylgir sérákvæðum um starfsemi flugvalla samkvæmt G4 Airport Operators Sector Disclosures. Sérákvæðunum er sérstaklega ætlað að taka á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir þegar kemur að sjálfbærni.

Upplýsingarnar í skýrslunni miðast við árið 2016 og eru upplýsingar í samfélagshluta skýrslunnar miðaðar við móðurfélagið. Skýrslan var unnin af sérfræðingum á sínum sviðum hjá Isavia. Taflan hér fyrir neðan gerir grein fyrir stöðu mála á hverjum þætti og hvar upplýsingar um þá er að finna. Á næstu árum verður unnið enn frekar að sjálfbærni félagsins.

- Uppfyllt
- ⦿ Uppfyllt að hluta
- Ekki uppfyllt
- Á ekki við

Efni	Staðsetning	Staða	Blaðsíða
STEFNA OG GREINING			
G4-1	Yfirlýsing frá æðsta stjórnanda fyrirtækisins	Ávarp forstjóra	● 8-9
G4-2	Lýsing á helstu áhrifum, áhæt tum og tækifærum	Ávarp forstjóra	● 8-9
UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKIÐ			
G4-3	Heiti fyrirtækis	Isavia ohf.	●
G4-4	Helstu vörumerki, vörur og/eða þjónusta	Starfsemi, Framkvæmdaráð, Aukin umsvif	● 6, 18-21, 36-37
G4-5	Staðsetning höfuðstöðva	Reykjavík/urflugvöllur, 101 Reykjavík	●
G4-6	Lönd þar sem fyrirtækið er með starfsemi	Isavia er eingöngu með starfsstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið á fjögur dótturfélög, Fríhöfnina, Tern Systems, Domavia og Suluk.	●
G4-7	Eignarhald og lögform	Isavia er opinbert hlutafélag	●
G4-8	Markaðurinn (landfræðileg skipting, viðskiptavinir, hagsmunaaðilar). Auk þess fyrir flugvelli: Farþegatölur, vöruflutningar, áfangastaðir	Starfsemi, Hagsmunaaðilar, Aukin umsvif, www.kefairport.is/Um-felagid/Stadreyndir-og-tolur/	● 6, 26-35, 36-39
G4-9	Gerid grein fyrir stærð og umfangi fyrirtækisins: Heildar fjöldi starfsmanna, umfang starfsstöðva, velta og/eða tekjur fyrirtækis og stofnunar, heildarvelta brotin niður í skuldir og eigið fé (fyrirtæki), heildar framleiðsla varðandi vöru og þjónustu. Auk þess fyrir flugvelli: Áætlaður fjöldi starfsmanna á flugvallasvæðinu, stærð flugvallar, lengd flugbrauta, lágmarkstengtími á flugvelli, fjöldi fyrirtækja á svæðinu, fjöldi flugfélaga og fjöldi áfangastaða.	Starfsemi, Hagsmunaaðilar (viðskiptavinir), Mannauður, Stóriðja í stöðugum vexti, Lykiltölur úr rekstri, Ársreikningur Isavia	● 6, 26-27, 40-43, 58-59, 60-61, 74-99
G4-10	Gerid grein fyrir skiptingu starfsfólks eftir starfs-samningi og kyni (a-f alls 6 þættir)	Mannauður	● 40-43
G4-11	Gerid grein fyrir fjölda starfsfólks með aðild að kjarasamningum stéttarfélags	Mannauður	● 40-43
G4-12	Gerid grein fyrir aðfangakeðju fyrirtækisins	Hagsmunaaðilar (birgjar)	⦿ 35

Efni	Staðsetning	Staða	Blaðsíða
G4-13	Mikilsverðar breytingar á skýrslutímabilinu hvað varðar stærð, skipulag, eignarhald og breytingar í aðfangakeðju	Ávarp forstjóra, Stjórnarhættir	● 8-9, 16-21
SKULDBINDINGAR VIÐ YTRI MÁLEFNI			
G4-14	Útlistun á beitingu varúðarákvæða eða aðferða innan fyrirtækisins (ef við á)	Hagsmunaaðilar (stjórnvöld), Isavia og umhverfið	34-35, 46-55
G4-15	Utanaðkomandi sáttmálar um fjárhagsleg, umhverfisleg og samfélagsmálefni eða önnur verkefni sem fyrirtækið hefur innleitt eða styður	Ávarp stjórnarformanns, Stefna í samfélagsábyrgð, Hagsmunaaðilar (samfélagið), Isavia og umhverfið	● 10-13, 24-25, 32-34
G4-16	Aðild að samtökum	Ávarp stjórnarformanns, Stefna í samfélagsábyrgð, Hagsmunaaðilar (samfélagið), Isavia og umhverfið	● 10-13, 24-25, 32-34
SKILGREINING Á EFNISLEGUM ÞÁTTUM OG MÖRKUM ÞEIRRA			
G4-17	Útlistun á ársreikningum (eða sambærilegum skjölum) hversrar rekstrareiningar innan stofnunar eða fyrirtækis	Ársreikningur Isavia	● 74-99
G4-18	Útskýrið skilgreiningar á efnistöku og takmörkunum. Útskýrið hvernig fyrirtækið innleiðir staðlaðar skilgreiningar í skýrslu	Þetta er fyrsta samfélagsskýrsla sem Isavia gerir. Hún byggir á Global Reporting Initiative (GRI G4 comprehensive). Með viðbótarþáttum úr Airport Operators Sector Disclosures.	●
G4-19	Útlistun og skilgreining allra þátta sem mótuðu efnistöku skýrslunnar	Starfsemi Isavia, Hagsmunaaðilar, Isavia og umhverfið	● 6-7, 26-35, 46-55
G4-20	Tilgreinið mörk hvers þáttar samkvæmt skilgreiningu er á við innan fyrirtækisins: Aðferðir við mælingar gagna og útreikninga þ.m.t. forsendur. Auk þess fyrir flugvelli: Segja frá farþegum og vöruflutningum hjá viðskiptavinum	Aukin umsvif, Mannauður, Isavia og umhverfið	● 36-37, 40-43, 46-55
G4-21	Tilgreinið mörk hvers þáttar samkvæmt skilgreiningu er á við utan fyrirtækisins: Aðferðir við mælingar gagna og útreikninga þ.m.t. forsendur. Auk þess fyrir flugvelli: Segja frá farþegum og vöruflutningum hjá viðskiptavinum	Aukin umsvif, Mannauður, Isavia og umhverfið	● 36-37, 40-43, 46-55
G4-22	Útskýrið áhrif framsetningar upplýsinga sem hafa verið veittar í fyrri skýrslum og ástæður fyrir endurtekinni framsetningu upplýsinganna	Á ekki við í fyrstu skýrslu	●
G4-23	Útskýrið verulegar breytingar frá fyrra tímabili varðandi mörk, umfang og þætti skýrslunnar	Á ekki við í fyrstu skýrslu	●
ÞÁTTAKA OG SKULDBINDINGAR HAGSMUNAAÐILA			
G4-24	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Stefna í samfélagsábyrgð, Hagsmunaaðilar, Aukin umsvif	● 24-25, 26-35, 36-37
G4-25	Aðferðir við val á hagsmunaaðilum sem ætlað er að starfa með	Stefna í samfélagsábyrgð, Hagsmunaaðilar, Aukin umsvif	● 24-25, 26-35, 36-37
G4-26	Verklag við ákvörðun á samstarfi við hagsmunaaðila	Ávarp forstjóra, Ávarp stjórnarformanns, Stjórnarhættir, Hagsmunaaðilar, Aukin umsvif, Mannauður	8-9, 10-13, 16, 26-35, 36-37, 40-43
G4-27	Helstu atriði og málefni sem hafa komið upp í samstarfi við hagsmunaaðila	Ávarp forstjóra, Ávarp stjórnarformanns, Stefna í samfélagsábyrgð, Hagsmunaaðilar, Isavia og umhverfið	● 8-9, 10-13, 24-25, 26-35, 46-55

- Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- Ekki uppfyllt
- Á ekki við

Efni	Staðsetning	Staða	Blaðsíða
VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR			
G4-28	Tímabil sem upplýsingar í skýrslunni ná til	Skýrsla fyrir árið 2016	●
G4-29	Hvenær var síðasta skýrsla gefin út (ef við á)	Á ekki við í fyrstu skýrslu	●
G4-30	Skýrslutíðni (árleg, tvisvar á ári o.s.frv.)	Árlega	●
G4-31	Tengiliðir vegna upplýsinga er varða skýrsluna og efni hennar	Fyrirspurn sendist á www.isavia.is/um-isavia/hafa-samband/	●
G4-32	Ferli við ákvörðun á efni skýrslunnar	Notast var við viðmið GRI með sérákvæðum um flugvelli	●
GRI YFIRLIT			
G4-33	Stefnumótun og starfshættir fyrirtækisins, varðandi utanaðkomandi ráðgjöf, trygging á öruggrí gagnavinnslu og aðferðafræði við gerð skýrslunnar	Áritun endurskoðenda, uppfyllum lög og reglugerðir sem eiga við fyrirtækið, áhættustýring, Stjórnarhættir, Isavia og umhverfið	● 16-17, 46-55, 76-77
STJÓRNARHÆTTIR			
Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er hugbúnaður. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingatími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Félagið hefur tæknilega getu til að ljúka þróun afurðar í söluhæft ástand
- Áætlanir ganga út á að ljúka við þróunina
- Félagið sýni fram á möguleika sína til að selja afurðina
- Félagið sýni fram á hvernig afurðin kemur til með að skila framtíðartekjum
- Félagið hefur nægjanlega tækni og fjármagn til að ljúka við þróun og sölu
- Hægt er að mæla útgjöld vegna þróunar með áreiðanlegum hætti

Aðeins er heimilt að hefja eignfærslu þróunarkostnaðar þegar öll ofangreind skilyrði eru uppfyllt. Þróunarkostnaður sem ekki uppfyllir skilyrðin er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu er þróunarkostnaður metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupþegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Virðisýrnum

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisýrnnunar. Komi fram vísbending um virðisýrnnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisýrnnun er sé um slíkt að ræða.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisýrnnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisýrnnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisýrnnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisýrnnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale) og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluverði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar félagið á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárskuldir og eiginfjárgæringar

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagæringar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagæringurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 9, 10, 13 og 14.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2016	2015
Tekjur vegna sölu á vörum	11.205.968	9.578.762
Tekjur vegna sölu á þjónustu.....	18.497.147	14.098.774
Eignatekjur.....	3.305.203	2.335.389
	<u>33.008.318</u>	<u>26.012.925</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2016	2015
Laun	10.770.430	8.504.670
Lífeyrissjóður, móttframlag	1.261.081	996.118
Tryggingagjald	846.012	704.344
Önnur launatengd gjöld	178.477	117.439
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð og breyting á orlofsskuldbindingu	401.000	324.047
Eignfærður launakostnaður	(166.828)	(72.078)
Verktakagreiðslur	10.149	12.690
Annar starfsmannakostnaður	563.512	453.923
	13.863.834	11.041.154
Meðalfjöldi starfa	1.215	1.017

Heildarlaun og þóknanir til stjórna og stjórnenda samstæðunnar á árinu 2016 námu 75,6 milljónum króna en árið á undan námu þessi laun 72,4 milljónum króna. Laun forstjóra Isavia og framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. og Tern Systems ehf. eru ákveðin af kjararáði.

6. Þóknun til endurskoðanda

	2016		2015	
	Endurskoðun	Önnur þjónusta	Endurskoðun	Önnur þjónusta
Deloitte ehf.	23.286	16.926	18.670	13.574

Önnur þjónusta er að mestu kostnaður vegna reikningskila aðstoðar, skattamála og aðstoðar við skattframtal.

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur:

	2016	2015
Vaxtatekjur af bankareikningum	202.952	100.753
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	34.234	28.465
Aðrar vaxtatekjur	112.556	89.935
	349.742	219.154

Fjármagnsgjöld:

	2016	2015
Vaxtagjöld og verðbætur	(727.356)	(604.205)
Þóknanir innheimtufyrirtækja	(104.545)	(72.167)
Dráttarvaxtagjöld	(5.189)	(2.835)
	(837.089)	(679.206)

Gengismunur:

	2016	2015
Gengismunur	2.791.234	279.282
	2.791.234	279.282

8. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 1.703,1 milljón króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017 nemur 1.075,7 milljónum króna. Á árinu 2015 nam gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 745,2 milljónum króna og tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016 nam 480,7 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2016		2015	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	8.625.890		3.818.271	
Skattlutfall	1.725.178	20,0%	764.573	20,0%
Óskattskyldar tekjur skv. 4. gr.tekjuskattslaga	(19.791)	(0,5%)	(18.329)	-0,5%
Samsköttun	(3.402)	(0,3%)	(10.869)	(0,3%)
Aðrar breytingar	1.075	0,3%	9.803	0,3%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	1.703.060	19,5%	745.178	19,5%

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöd og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun 2015	21.146.281	3.801.903	4.444.438	6.505.321	35.897.943
Eignfært á árinu	3.001.301	938.734	311.404	3.202.070	7.453.509
Selt og aflagt á árinu	(67.882)	0	(369.417)	(108.455)	(545.754)
Staða í ársbyrjun 2016	24.079.700	4.740.637	4.386.424	9.598.937	42.805.698
Endurflokkað	0	0	9.018	(9.018)	0
Eignfært á árinu	6.126.606	5.221.393	407.736	1.978.887	13.734.621
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(148.375)	(148.375)
Staða í lok ársins	30.206.306	9.962.029	4.803.178	11.420.431	56.391.944
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun 2015	4.870.855	1.063.198	1.999.826	2.249.442	10.183.320
Afskriftir ársins	550.546	191.609	334.396	656.983	1.733.533
Selt og aflagt á árinu	(63.600)	0	(365.511)	(107.356)	(536.467)
Staða í ársbyrjun 2016	5.357.801	1.254.807	1.968.711	2.799.068	11.380.386
Afskriftir ársins	672.774	251.347	333.247	960.098	2.217.466
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(127.568)	(127.568)
Staða í lok ársins	6.030.575	1.506.154	2.301.959	3.631.599	13.470.284
Bókfært verð					
Bókfært verð í byrjun ársins	18.721.899	3.485.830	2.417.714	6.799.869	31.425.312
Bókfært verð í lok ársins	24.175.731	8.455.876	2.501.220	7.788.834	42.921.660

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir og listaverk	7-100 ár
Flughlöd og bílastæði	5-50 ár
Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	3-20 ár
Aðrar eignir	3-20 ár

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok ársins:

	31.12.2016	31.12.2015
Endurmetið bókfært verð	115.708	118.704
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(56.501)	(58.116)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	59.207	60.589

9. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	2016		2015	
	Fasteignamat	Vátryggingamat	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir	21.970.934	44.483.064	19.569.309	43.428.038
Vélar og tæki, eignatryggingar		12.899.952		10.762.090
Aðrar lausafjártryggingar		712.958		3.576
Rekstrarstöðvunartrygging		13.158.988		8.005.510

10. Óefnislegar eignir og afskriftir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun 2015	477.035	5.706.000	1.018.493	7.201.528
Eignfært á árinu	0	0	131.848	131.848
Selt og aflagt á árinu	0	0	(8.097)	(8.097)
Staða í ársbyrjun 2016	477.035	5.706.000	1.142.244	7.325.279
Eignfært á árinu	0	0	93.997	93.997
Selt og aflagt á árinu	0	0	(3.159)	(3.159)
Staða í árslok	477.035	5.706.000	1.233.082	7.416.117
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun 2015	95.407	1.141.200	277.105	1.513.712
Afskrift ársins	15.901	190.200	69.817	275.918
Selt og aflagt á árinu	0	0	(8.097)	(8.097)
Staða í ársbyrjun 2016	111.308	1.331.400	338.825	1.781.533
Afskrift ársins	15.901	190.200	110.949	317.050
Selt og aflagt á árinu	0	0	(3.159)	(3.159)
Staða í árslok	127.209	1.521.600	446.615	2.095.425
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	365.727	4.374.600	803.419	5.543.746
Bókfært verð í árslok	349.826	4.184.400	786.467	5.320.693

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði á næstu árum var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni hugbúnaðarvöru félagsins sem nefnd er Tern ATC System eða TAS en þessi hugbúnaður skiptist í nokkra hluta. Þróun hugbúnaðarins lauk á seinni hluta árs 2015 og er hann tilbúinn til sölu og kominn í notkun hjá viðskiptavinum. Stjórnendur félagsins hafa metið að þessi eign hafi ekki orðið fyrir virðisryrnun. Annar hugbúnaður er aðkeyptur og er ætlaður líftími hans 3 - 20 ár.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

11. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfssemi
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Domavia ehf, Reykjavík.....	100,00%	500	Fasteignarekstur
Suluk ApS - Grænland.....	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra

12. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréfalán, vegið meðaltal vaxta 5,48%	260.494	304.073
Næsta árs hluti	(36.551)	(48.900)
	<u>223.944</u>	<u>255.174</u>

Afborganir skuldabréfaeign og langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2016	31.12.2015
Árið 2016	-	48.900
Árið 2017	36.551	48.900
Árið 2018	36.845	39.985
Árið 2019	37.153	39.985
Árið 2020	37.475	39.985
Árið 2021	37.812	39.985
Afborganir síðar	74.658	46.335
	<u>260.494</u>	<u>304.073</u>

13. Vörubirgðir

	31.12.2016	31.12.2015
Vörur til endursölu	502.153	449.323
Vörur í flutningi	31.998	17.652
Niðurfærsla vörubirgða	(14.665)	(13.132)
	<u>519.486</u>	<u>453.843</u>

Breytingar á niðurfærslu vörubirgða greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	(13.132)	(44.558)
Bakfærsla niðurfærslu birgða.....	(19.040)	13.981
Rýrnun birgða á árinu.....	17.507	17.445
Staða í árslok	<u>(14.665)</u>	<u>(13.132)</u>
Tryggingaverðmæti birgða	<u>708.382</u>	<u>662.594</u>

Engar birgðir eru veðsettar hjá samstæðunni í lok ársins.

Félagið áætlar að selja allar sínar birgðir á næstu 12 mánuðum.

14. Aðrar peningalegar eignir**Viðskiptakröfur**

	31.12.2016	31.12.2015
Innlendar viðskiptakröfur	1.897.470	1.340.711
Erlendar viðskiptakröfur	493.387	264.018
Verksamningar	121.809	70.409
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(58.289)	(42.129)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins	171.387	0
	<u>2.625.764</u>	<u>1.633.010</u>

14. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi

	31.12.2016		31.12.2015	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	1.726.539	20.380	1.225.115	12.359
1-90 daga	673.977	14.969	377.922	15.059
91-180 daga	90.292	9.816	50.910	10.263
181-210 daga	10.208	9.232	12.502	4.274
211 daga og eldri	11.648	3.892	8.690	174
	<u>2.512.665</u>	<u>58.289</u>	<u>1.675.139</u>	<u>42.129</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Staða í byrjun ársins	(42.129)	(68.006)
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(16.171)	(9.900)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	11	35.777
Staða í lok ársins	<u>(58.289)</u>	<u>(42.129)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Virðisaukaskattur	1.320.776	392.541
Fyrirframgreiddur kostnaður	96.776	89.984
Fjármagnstekjuskattur	29.620	21.342
Fyrirframgreidd laun	64.421	48.050
Aðrar kröfur	<u>238.837</u>	<u>281.599</u>
	<u>1.750.430</u>	<u>833.516</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.487.033	889.241
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.168.823	4.099.412
Sjóður í íslenskum krónum	12.436	5.069
Bundin innlán	<u>3.162.214</u>	<u>0</u>
	<u>5.830.506</u>	<u>4.993.722</u>

15. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok ársins	5.589.063	100,0%	5.589.063
	<u>5.589.063</u>	<u>100,0%</u>	<u>5.589.063</u>

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

16. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir í CHF	2.599.378	3.236.070
Skuldir í EUR	11.721.939	7.612.680
Skuldir í GBP	0	952.042
Skuldir í JPY	0	801.404
Skuldir í SEK	0	265.128
Skuldir í USD	3.167.489	3.846.217
Skuldir í ISK	6.717.676	1.851.150
	<u>24.206.482</u>	<u>18.564.692</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.236.190)	(1.017.218)
	<u>22.970.292</u>	<u>17.547.474</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2016	31.12.2015
Afborganir 2016		1.017.218
Afborganir 2017	1.236.190	891.142
Afborganir 2018	1.131.133	765.366
Afborganir 2019	1.260.336	884.503
Afborganir 2020	1.389.881	1.003.975
Afborganir 2021	1.396.475	1.010.433
Afborganir síðar	17.792.467	12.992.054
	<u>24.206.482</u>	<u>18.564.692</u>

Lán að fjárhæð 22.833,3 milljónum króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár. Þar af eru lán að fjárhæð 3.822,7 milljónum króna einnig háð skilyrðum um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda af EBITDA. Reglulega er farið yfir fjárhagsskilyrðin og er það mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli.

17. Tekjuskattskuldbinding

	31.12.2016	31.12.2015
Staða í upphafi árs	1.359.680	1.095.231
Áhrif samsköttunar	(3.402)	(10.870)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	1.706.462	756.048
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(1.075.721)	(480.729)
Staða í lok árs	<u>1.987.019</u>	<u>1.359.680</u>

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins :

	31.12.2016	31.12.2015
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.600.928	1.349.678
Veltufjáreignir	5.823	6.386
Aðrir liðir	(11.002)	(22.585)
Gengismunur	391.270	26.200
	<u>1.987.019</u>	<u>1.359.680</u>

18. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Innlendar viðskiptaskuldir	2.336.971	1.647.834
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	0	915.912
Erlendar viðskiptaskuldir	230.156	226.773
	<u>2.567.127</u>	<u>2.790.519</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir	1.236.190	1.017.218
	<u>1.236.190</u>	<u>1.017.218</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Virðisaukaskattur	23.111	14.459
Fyrirframinnheimtar tekjur	13.206	18.550
Ógreitt viðbótarframlag í lífeyrissjóð	221.496	168.968
Ógreidd laun og launatengd gjöld	514.909	416.246
Ógreidd orlofsskuldbinding	1.119.385	913.741
Ógreiddir áfallnir vextir	142.413	128.998
Aðrar skuldir	106.331	196.606
Fyrirframinnheimtar tekjur	187.850	0
Ólokinn verksamningur	7.121	0
	<u>2.335.821</u>	<u>1.857.569</u>

19. Fjármálagerningar

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2016	31.12.2015
Handbært fé	5.830.506	4.993.722
Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga	260.494	304.073
Lán og kröfur	4.214.997	2.328.491
	<u>10.305.997</u>	<u>7.626.286</u>
Fjárskuldir	31.12.2016	31.12.2015
Aðrar fjárskuldir	30.185.151	23.693.508

Lán og kröfur og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádröginni virðisrýrnun.

Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta.

19. Fjármálagerningar (framhald)**Vaxtaáhætta**

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2016		31.12.2015	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(66.810)	(133.623)	(48.106)	(96.212)

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Meirihluti langtímaskulda samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðlum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökki taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi	
	2016	2015	2016	2015
EUR	119,13	141,32	133,78	146,35
GBP	138,91	192,06	164,27	201,64
JPY	0,966	1,076	1,113	1,090
CHF	110,81	130,50	122,66	137,21
DKK	16,02	18,94	17,97	19,62
NOK	13,11	14,75	14,39	16,40
SEK	12,43	15,40	14,16	15,65
USD	112,82	129,59	120,83	131,91
CAD	83,72	93,27	91,18	103,42

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2016

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1.210.340	11.882.603	(10.672.263)
GBP	70.601	11.659	58.942
JPY	1.537	0	1.537
CHF	63.468	2.611.332	(2.547.864)
DKK	54.257	13.026	41.231
NOK	2.861	3.291	(430)
SEK	2.186	2.891	(705)
USD	257.573	3.194.161	(2.936.589)
CAD	1.387	0	1.387

19. Fjármálagerningar (framhald)

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2015

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	3.412.015	7.740.674	(4.328.660)
GBP	763.573	964.378	(200.805)
JPY	4.576	801.404	(796.828)
CHF	19.344	3.243.357	(3.224.013)
DKK	11.834	13.358	(1.524)
NOK	3.125	12.452	(9.327)
SEK	564	267.196	(266.632)
USD	142.419	3.897.449	(3.755.029)
CAD	5.981	0	5.981

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% veikingu krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnistæður og viðskiptakröfur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Styrking krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2016		31.12.2015	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(426.891)	(853.781)	(173.146)	(346.293)
GBP	2.358	4.715	(8.032)	(16.064)
JPY	61	123	(31.873)	(63.746)
CHF	(101.915)	(203.829)	(128.961)	(257.921)
DKK	1.577	3.155	(61)	(122)
NOK	(17)	(34)	(373)	(746)
SEK	(28)	(56)	(10.665)	(21.331)
USD	(117.464)	(234.927)	(150.201)	(300.402)
CAD	55	111	239	478

Útlánaáhætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	260.494	304.073
Viðskiptakröfur	2.625.764	1.633.010
Aðrar kröfur	1.589.233	695.482
Handbært fé	5.830.506	4.993.722
	<u>10.305.997</u>	<u>7.626.286</u>

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

19. Fjármálagerningar (framhald)**Lausafjárhætta**

Lausafjárhætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2016				
Óvaxtaberandi	5.978.669	0	0	5.978.669
Með fljótandi vöxtum	1.139.714	4.732.936	17.071.243	22.943.893
Með föstum vöxtum	96.475	444.889	721.225	1.262.589
	<u>7.214.858</u>	<u>5.177.825</u>	<u>17.792.468</u>	<u>30.185.151</u>
Eignir 31.12.2016				
Óvaxtaberandi	4.064.867	0	0	4.064.867
Með fljótandi vöxtum	6.017.187	149.286	74.658	6.241.131
	<u>10.082.054</u>	<u>149.286</u>	<u>74.658</u>	<u>10.305.997</u>
Hrein staða 31.12.2016	<u>2.867.196</u>	<u>(5.028.540)</u>	<u>(17.717.810)</u>	<u>(19.879.153)</u>
	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2015				
Óvaxtaberandi	5.128.817	0	0	5.128.817
Með fljótandi vöxtum	927.876	3.133.014	13.177.792	17.238.682
Með föstum vöxtum	89.342	411.973	824.696	1.326.010
	<u>6.146.034</u>	<u>3.544.987</u>	<u>14.002.488</u>	<u>23.693.508</u>
Eignir 31.12.2015				
Óvaxtaberandi	2.338.476	39.939	35.235	2.413.650
Með fljótandi vöxtum	5.032.637	120.000	60.000	5.212.637
	<u>7.371.113</u>	<u>159.939</u>	<u>95.235</u>	<u>7.626.286</u>
Hrein staða 31.12.2015	<u>1.225.078</u>	<u>(3.385.048)</u>	<u>(13.907.253)</u>	<u>(16.067.222)</u>

20. Önnur mál**Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu**

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart alþjóðasamningum. Um skuldbindingu þessa er í gildi svonefndur Joint Financing samningur sem gerður var árið 1956 á milli þrettán aðildarríkja ICAO, Alþjóðaflugmálastofnunarinnar en nú eru ríkin tuttugu og fjögur talsins. Notendur þjónustunnar greiða fyrir hana að fullu.

Dómsmál

Á árinu 2015 höfðaði Drífa ehf. dómsmál á hendur Isavia ohf. þar sem krafist er skaðabóta vegna meints tjóns í tengslum við framkvæmd forvals vegna leigu verslunarrýmis á fríhafnarsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Dómnafnd forvalsins taldi tilboð annars bjóðanda hagstæðara en tilboð Drífu ehf. Stefufjórðingur í málinu er 1.563 milljónir króna. Isavia ohf. telur að í öllu hafi rétt verið staðið að forvalinu og að málatilbúnaður Drífu ehf. sé tilhæfulaus.

21. Aðrar skuldbindingar

Rekstrarleyfi

Isavia hefur starfsleyfi vegna flugleiðsöguþjónustu samkvæmt reglugerð 1129/2014 um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu og starfsleyfi vegna flugvalla samkvæmt reglugerð 464/2007 um flugvelli. Félagið er einnig handhafi flugrekstrarleyfis til að starfrækja verkflug (flugprófanir ofl.) samkvæmt reglugerð 97/2009. Starfsleyfin eru veitt til mismunandi langs tíma. Starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu gilda til 2021 og starfsleyfi Keflavíkflugvallar, Reykjavíkflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar gilda til 31. desember 2017. Skráðir lendingarstaðir eða aðrir flugvellar þar með talið áætlunarflugvellar eru með starfsleyfi til 2017.

Félaginu er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast er varða flugvelli, flugvallarsvæði og flugstöðvar og starfsemi þá sem stjórnvöld fara með og yfirtaka.

Á ófriðartímum og í neyðartilvikum er félaginu skylt að veita hervöldum Bandaríkjanna aðgang og afnot af Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Alþjóða- og öryggisskrifstofa utanríkisráðuneytisins skal sjá um að hafa milligöngu um öll bein og óbein samskipti félagsins við varnarliðið.

Þjónustusamningur vegna framkvæmda

Þjónustusamningur milli innanríkisráðuneytis og félagsins tekur meðal annars til viðhalds og stofnframkvæmda vegna flugvalla annarra en Keflavíkflugvallar. Félagið starfar með samgönguráði og leggur fyrir það tillögur um viðhaldsverkefni og stofnframkvæmdir sem félagið telur nauðsynlegt að ráðist verði í hverju sinni. Þau verkefni sem falla undir þennan lið eru því samþykkt í samgönguáætlun. Greitt er til félagsins samkvæmt greiðsluáætlun þjónustusamningsins. Árið 2016 námu framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem greiddar eru af þessum hluta þjónustusamningsins 349,9 milljónum króna (2015: 354,2 milljónir króna).

Þjónustusamningar vegna reksturs

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu í innanlandsloftrými og á alþjóðlegu flugsvæði og sér um rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvalla, lendingarstaða og útgáfu AIP handbókar.

Félagið er skuldbundið til að hafa í gildi allar lögbundnar tryggingar þar með talin ábyrgðartrygging flugleiðsöguþjónustu og flugvalla. Vátryggingarvernd þessara trygginga á reikningsskiladegi vegna flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er USD 1.000.000.000 og vegna flugprófana USD 500.000.000.

Lögbundnar tryggingar félagsins eru undanskyldar bótaskyldu vegna hryðjuverka. Félagið hefur því keypt hryðjuverktryggingu sem bætir tjón fyrir allt að USD 250.000.000 í flugleiðsöguþjónustu og á flugvöllum og allt að USD 15.000.000 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Félagið hefur keypt ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda sem bætir tjón fyrir allt að ISK 300.000.000.

Skuldbinding vegna starfsmanna

Félagið er með allar tryggingar vegna starfsmanna í samræmi við gildandi kjarasamninga nema tryggingu vegna skírteina flugumferðastjóra. Samkvæmt kjarasamningum flugumferðastjóra skal félagið á sinn kostnað tryggja skírteini hvers flugumferðastjóra sem hefur VFR- og/eða IFR-starfsréttindi. Félagið hefur ekki keypt tryggingu og hvílir því skuldbinding á Isavia ohf. ef til kæmi skírteinamissir flugumferðastjóra í samræmi við kjarasamninga.

22. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir Lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Félagið er opinbert hlutafélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í endurbættri útgáfu af IAS 24.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 5. Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda og aðila tengdra þeim voru óveruleg.

23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 16. mars 2017.

24. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2016	2015
Arðsemi		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	8.856.519	6.008.492
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	26,83%	23,10%
b) Hagnaðarhlutfall	20,97%	11,81%
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	1,24	0,55
d) Arðsemi eigin fjár	29,34%	16,52%
a) EBITDA/rekstrartekjur		b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagn. á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)		d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2016	31.12.2015
Nýting fjármagns		
e) Fjárbinding í birgðum	0,02	0,02
f) Veltuhraði eigna	0,63	0,60
g) Veltuhraði birgða	11,20	10,76
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	15,50	15,76
e) Birgðir/rekstrartekjur		g) KSV/meðalstaða birgða
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna		h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna
Greiðsluhæfi		
i) Lausafjárhlutfall	1,42	1,22
j) Veltufjárhlutfall	1,49	1,30
k) Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	2,03	2,26
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir
Fjárhagslegur styrkur		
l) Eiginfjárhlutfall	45,68%	44,56%
m) Innra virði hlutfjár	4,84	3,60
l) Eigið fé/heildarfjármagn		m) Eigið fé/hlutafé
Úr sjóðstreymi ársins:	2016	2015
n) Skuldabekja handbærs fjár	0,19	0,25
o) Gæði afkomu	0,89	2,06
p) Gæði rekstrarhagnaðar	1,13	1,78
n) Handbært fé frá rekstri/skuldir		o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
		p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2016	2015
Kostnaðarverð seldra vara/rekstrartekjur	16,51%	18,13%
Laun og tengd gjöld/rekstrartekjur	42,00%	42,44%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður/rekstrartekjur	2,22%	2,48%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	12,44%	13,85%
Afskriftir/rekstrartekjur	7,68%	7,72%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	80,85%	84,63%

25. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit eru birtar eftir rekstrarskipulagi og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Starfsþáttirnir byggja á rekstri þriggja móðurfélags og rekstri eins dótturfélags. Meginhluti Flugleiðsögu sviðs samanstendur af þjónustu við flugrekendur sem veitt er á grundvelli milliríkjasamnings (Joint Finance). Innanlandskerfi er rekstur flugvalla og flugturna fyrir innanlandsflug. Keflavíkflugvöllur er rekstur flugvalla og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Frihöfn er verslunarrekstur og undir annað falla stoðsvið móðurfélags og þrjú dótturfélög. Einn vöðskiptavinur er með tekjur yfir 10% hjá samstæðuðnum en það er Ícelandair Group 5.964 milljónir króna eða um 18,1% af rekstrartekjum samstæðuðnum.

Starfsþáttagreining 2016

	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur	Frihöfn	Annað	Jöfnun	Samstæða
Tekjur:							
Tekjur frá þriðja aðila	5.796.641	2.150.209	13.309.093	11.410.034	342.341		33.008.318
Innanfélagstekjur	605.194	42.399	3.812.414	0	2.179.766	(6.639.773)	0
Heildartekjur	6.401.835	2.192.609	17.121.507	11.410.034	2.522.107	(6.639.773)	33.008.318
Afkoma:							
Rekstrarrhagnaður	578.533	24.772	5.327.352	319.051	72.296		6.322.003
Fjármagnsilðir							2.303.887
Afkoma fyrir skatta							8.625.890
Afkoma ársins							6.922.830
Efnahagsreikningur:							
Fastafjármunir	3.652.045	906.997	42.274.767	350.568	1.281.920		48.466.297
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti							10.762.737
Heildareignir							59.229.033
Heildarskuldur							32.172.170
Aðrar upplýsingar:							
Fjárfestingar ársins	764.048	125.869	12.464.160	102.310	375.728		13.832.115
Afskriftir ársins	263.338	79.256	2.052.082	94.465	45.374		2.534.516

Starfsþáttagreining 2015

	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur	Frihöfn	Annað	Jöfnun	Samstæða
Tekjur:							
Tekjur frá þriðja aðila	4.742.496	1.960.956	9.273.006	9.731.402	305.065		26.012.925
Innanfélagstekjur	482.684	87.309	3.298.309	0	2.149.819	(6.018.122)	0
Heildartekjur	5.225.181	2.048.265	12.571.315	9.731.402	2.454.884	(6.018.122)	26.012.925
Afkoma:							
Rekstrarrhagnaður	374.775	(10.403)	3.444.614	190.429	(373)		3.999.041
Fjármagnsilðir							(180.770)
Afkoma fyrir skatta							3.818.271
Afkoma ársins							3.073.094
Efnahagsreikningur:							
Fastafjármunir	3.128.041	876.465	31.830.792	344.016	1.044.917		37.224.232
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti							7.962.990
Heildareignir							45.187.222
Heildarskuldur							25.053.188
Aðrar upplýsingar:							
Fjárfestingar ársins	642.318	223.351	6.511.737	99.791	108.161		7.585.357
Afskriftir ársins	192.478	72.268	1.572.623	86.405	85.677		2.009.451

